



Gráum og vindasömum gærdeginum tókst ekki að standa í vegi fyrir Gróttumönnum sem drifu sig í takkaskó og tilheyrandi búnað á fótboltaæfingu á Seltjarnarnesi í gær. Heilbrigðis-lyfjrvöld hafa leyft æfingar á ný, en með ströngum skilyrðum – allir þurfa að virða tveggja metra regluna og sóttthreinsa þarf boltann á milli allra æfinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Minna högg en í fyrri sveiflu

Starfsfólki hefur fækkað í öllum þremur megingreinum iðnaðarins síðan faraldurinn hófst samkvæmt nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins. Hagfræðingur segir að næstu ár gætu orðið drifin af vexti í iðnaði.

**IÐNAÐUR** Starfsfólki hefur fækkað í öllum þremur megingreinum iðnaðarins frá því að COVID-19 heimsfaraldurinn hófst samkvæmt nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins (SI). Það er í mannvirkjagerð, framleiðsluiðnaði og hugverkaiðnaði.

Höggð er þó minna í mannvirkjagerðinni nú en í fyrri niðursveiflum vegna viðbragða stjórnvalda. Verði rétt á spöðunum haldið getur iðnaðurinn orðið einn helsti drifkraftur viðspyrnu eftir COVID líkt og hann var eftir bankahrunið.

„Verði samkeppnishæfnin tryggð getum við séð næstu ár drifin áfram að stórum hluta vegna vaxtar í iðnaði,“ segir Ingólfur Bender, aðal-

hagfræðingur SI. „Við höfum lagt áherslu á nýsköpun og erum ánægð með að sjá þær breytingar sem hafa átt sér stað í starfsumhverfi hennar hér á landi, sem skilar sér inn í reksturinn og dreifist víðs vegar um hagkerfið.“

Greiningin var gerð á störfum á síðasta áratug. Stóri efnahagsvandinn nú sé töpuð störf í einkageiranum, en störfum hjá hinu opinbera hefur fjölgað að hluta til vegna átaksverkefna stjórnvalda.

Þeim sem starfa í einkageiranum hefur fækkað um 19 þúsund á tólf mánuðum fram til ágúst á þessu ári og birtist það meðal annars í því að 9 prósent vinnufærra eru

**Verði samkeppnishæfnin tryggð getum við séð næstu ár drifin áfram að stórum hluta vegna vaxtar í iðnaði.**

Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI



atvinnulaus, og fer að öllum líkindum fjölgandi í vetur. Leggst þetta mjög mishart á greinarnar, fækkun starfsfólks í ferðaþjónustu er 35 prósent en aðeins tæp 4 í sjávarútvegi. Heildarfækkun í greinum iðnaðarins er 7 prósent, sem eru 3.400 töpuð störf.

Samkvæmt greiningunni fjölgaði störfum hlutfallslega meira í iðnaði en flestum öðrum greinum atvinnulífsins í síðustu efnahagsuppsveiflu. Árið 2019 störfuðu 44 þúsund manns í iðnaði, 10 þúsund fleiri en árið 2010. Sem sagt, eitt af hverjum fjórum störfum sem urðu til á þessum tíma.

– khg / sjá síðu 6

## Engar blikur á lofti um stöðu eigin fjár borgar

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir það koma skýrt fram í áleti reikningssskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga að borginni sé heimilt að taka upp-  
gjör Félagsbústaða inn í samstæðu-reikning borgarinnar.

Engar blikur séu á lofti um eiginfjárstöðu borgarinnar. „Öllum er það ljóst að gangverð gefur mun betri upplýsingar um raunverulegt verðmæti eignar heldur en afskrifað kostnaðarverð, miðað við aðstæður á Íslandi. Ef það yrði ekki gert myndi gagnsæið minnka og miklar duldar eignir vera í bókum borgarinnar. Eitt af grundvallarhugtökum reikningssskila er að þau gefi sem gleggsta mynd af öllum stærðum, þar á meðal eignum, skuldum og eigin fé.“ – thg / sjá síðu 4

## VELDU TRAUST OG GAGNSÆI

**Mitsubishi Outlander PHEV Invite+**  
Tilboðsverð! **5.190.000 kr.** \*Mánaðargreiðslur frá 61.770 kr.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · [www.mitsubishi.is](http://www.mitsubishi.is)

VETRARPAKKI AÐ VERÐMÆTI  
**370.000 KR. FYLGIR!**




\*m.v. bílalan í reiknivél Arion banka, 07.10.2020, 20% útborgun 1.078.000 kr. eða í formi upptökubíls og láns til 84 mánaða

**MITSUBISHI MOTORS**  
Drive your Ambition



## Veður



Austan 10-18 í dag og víða rigning með köflum, talsverð úrkoma um tíma á Suðausturlandi og Austfjörðum. Lægir sunnan til í kvöld. Híti 2 til 7 stig. **SJÁ SÍÐU 18**



Laugavegur 31 er svipmikið og stórt hús. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

## Vill færa líf í Laugaveg 31

**FASTEIGNIR** Kirkjuráð staðfesti á fundi 3. september sölu á Laugavegi 31 sem í tæp þrjátíu ár hýsti Biskupsstofu í svokölluðu Kirkjuhúsi.

Viðskiptin voru ekki í höfn fyrr en nú því kaupandinn, Valdimar Kr. Hannesson og fjölskylda, þurfti meðal annars að láta kanna ástand hússins sem komið er til ára sinna.

» Laugavegur 31 er 1.542 fermetrar að stærð.

Valdimar og fjölskylda hafa búið í Þýskalandi að sögn Rúnars Ómarssonar, talsmanns þeirra. „Þau hafa reynslu af því að gera upp slík fjölnota rými,“ segir Rúnar. „Það er mikið talað um að minnkandi bílaumferð sé að skemma Laugavegin en þau sjá hins vegar tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt og hleypa lífi í þetta glæsilega hús.“

Kaupverðið er trúnaðarmál en Rúnar segir það nú kirkjunnar að gefa það upp kjósi hún svo.

Nokkuð er síðan Biskupsstofa flutt í safnaðarheimili Háteigskirkju og síðan í leiguhúsnæði í Kartrínartúni. Er það ekki hugsað sem framtíðarstaður fyrir þessa höfuðskrifstofu Þjóðkirkjunnar. Meðal annars hefur verið og er enn til skoðunar að byggja nýtt hús undir Biskupsstofu norðan við Háteigskirkju. – gar

## Sigurvegari Íslensku barnabókaverðlaunanna



Rut Guðnadóttir, sigurvegari Íslensku barnabókaverðlaunanna, sést hér á milli grímklaððra foreldra sinna, Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, og Elínar Haraldsdóttur, viðskiptafræðings og listakonu. Verðlaunin fékk Rut fyrir fyrstu skáldsögu sína, Vampírur, vesen og annað tilfallandi. Þótt andlit þeirra séu að hluta til hulin verður ekki betur séð en að Guðni og Elín brosi stolt undir grímunum. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

## Lést í námu við Þrengslaveg

**SLYS** Karlmaður á sextugsaldri fannst látinn í malarnámu suðaustanvert í Lambafelli við Þrengslaveg í kringum klukkan sjö í gærmorgun. Talið er að slysið hafi átt sér stað einhvern tímann eftir klukkan 23 á miðvikudagskvöldið.

Maðurinn var stjórnandi jarðýtu sem verið var að nota til að losa efni og ýta fram af fjallsbrúnninni. Jarðýtan féll fram af brúnninni. Þegar viðbragðsaðilar komu á vettvang var maðurinn þegar látinn. Málið er nú til rannsóknar hjá Lögreglunni á Suðurlandi.

Vegfarendur sem fóru um Þrengslaveg á umræddum tíma eru beðnir um að hafa samband við Lögregluna á Suðurlandi í gegnum síma, tölvupóst eða með því að senda skilaboð á Facebook-síðu lögreglunnar.

Lögreglan vill ekki veita frekari upplýsingar um málið að svo stöddu. – ab

# Spiluðu fyrir Fallon

Hljómsveitin Of Monsters and Men kom fram í þætti Jimmy Fallon í nótt þar sem hún frumflutti nýjasta lag sitt. Sveitin hefur nýtt hlé til að safna kröftum.

**MENNING** „Þetta var mjög spennandi og skemmtilegt verkefni. Það var komið mjög langt síðan við komum fram síðast. Ég held að síðustu tónleikarnir hafi verið í Ástralíu í janúar rétt áður en það skall allt á,“ segir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngvari og gítarleikari Of Monsters and Men, aðspurð hvernig það hafi verið að koma loksins fram á ný.

Of Monsters and Men kom fram í þætti Jimmy Fallon, The Tonight Show, í nótt þar sem bandið flutti meðal annars nýja lagið sitt, Visitor.

„Þetta var alveg smá erfitt, maður dettur fljótt úr æfingu í að koma svona fram,“ segir Nanna hlæjandi þegar hún var spurð hvort það hefði verið eitthvert ryð í hópnum eftir langa fjarveru.

„Þetta var í eitt af fyrstu skiptum sem við flytjum Visitor. Yfirleitt er maður fyrir framan fólk að slípa lagið en þetta var mjög gaman. Svo stóð maður bara fyrir framan myndavélina og þar kom ekkert klapp á milli laga. Það var mjög sérkennilegt en þetta er ein leið til að koma tónlistinni á framfæri,“ segir Nanna um nýja leið tónlistarmanna til að koma fram. Þau tóku lögin upp í lónó.

„Við nýttum okkur hið fallega rými í lónó og nutum aðstoðar listamannsins Krassasig sem hannaði leikmynd fyrir okkur og stýrði upptökunni. Við vildum setja púður í þetta og gera þetta öðruvísi en á sama tíma hafa smá sögu í þessu.“

Aðspurð hvernig þau hafi nýtt frítímann það sem af er ári segir Nanna að meðlimir Of Monsters and Men hafi reynt að safna orku en að tónlistin hafi aldrei verið langt undan.

„Við höfum reynt að slappa svolítið af og safna orku en tónlistin er ekki langt undan. Við erum líka að vinna í tónlistinni með því að að semja og leggja drög að nýjum



Sveitin nýtti sér rýmið í lónó fyrir flutninginn. MYND/ABSEND

Þetta var alveg smá erfitt, maður dettur fljótt úr æfingu í að koma svona fram.

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona og gítarleikari



lögum inni í stúdíói,“ segir Nanna sem segir að von sé á nýrri EP-plötu frá sveitinni á næsta ári.

„Markmiðið var að gefa út EP-plötu í tilefni tíu ára afmælisins á þessu ári en hún frestaðist og kemur út á næsta ári. Okkur fannst við komast upp með að gera það á næsta ári í ljósi alls þess sem hefur gengið á á þessu ári.“

Nanna segir hljómsveitarmeðlimina biða eftir því að faraldurinn

verði búinn áður en næsta tónleikaferð verður skipulögð.

„Við áttum að vera á tónleikaferðalagi út um allan heim á þessu ári en svona fór þetta. Það er ekkert hægt að gera við þessu. Í fyrstu reyndum við að endurskipuleggja tónleika en það er erfitt að sjá langt fram í tímann þessa dagana,“ segir Nanna um framhaldið.

„Við erum búnin að bóka okkur á eitt festival en það verður örugglega barist um tónleikastaði þegar það fer að létta til. Það er flesta farið að klæja í fingurna að koma fram á tónleikum.“

Sjálft eiga þau eftir að koma fram á netinu einu sinni til viðbótar, í það minnsta, á þessu ári. Of Monsters and Men kemur fram á Iceland Airwaves sem fer fram með breyttu sniði í ár.

„Við eigum eftir að koma fram á Iceland Airwaves. Boltinn er aðeins farinn að rúlla en með breyttu sniði.“ kristinnpall@frettabladid.is

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

93.000

Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.\*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.





# Lagersala

## í vefverslun

Frá 21. október - 28. október.



# Allt að 70% afsláttur og frí heimsending\*

\*ef verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira

### Fullorðnir



Pórsmörk úlpa  
~~89.000 kr.~~ 62.300 kr.



Dyngja Dúnúlpa  
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.



Esja Gore-Tex® Jakki  
~~55.000~~ 16.500 kr.



Grandi Neoshell Bomberjakki  
~~35.000 kr.~~ 17.500 kr.



Dimmuborgir Gore Tex® dömujakki  
~~55.000 kr.~~ 16.500 kr.



Katla Gore Tex® úlpa  
~~65.000 kr.~~ 39.000 kr.



Langajökull Primaloft kápa  
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.



Vatnajökull Powerfill jakki  
~~39.000 kr.~~ 27.300 kr.

### Barnafatnaður og fylgihlutir



Langjökull vettlingar  
~~9.000 kr.~~ 6.300 kr.



Kría íþróttataska  
~~15.000 kr.~~ 9.000 kr.



Bragi dúnúlpa  
~~36.900 kr.~~ 22.140 kr.



Kría heilgalli  
~~8.900 kr.~~ 5.340 kr.



Rán regnjakki  
~~14.900 kr.~~ 10.430 kr.



Fróði peysa  
~~7.500 kr.~~ 4.500 kr.



Magni kuldagalli  
~~27.000 kr.~~ 18.900 kr.



Svanur Primaloft galli  
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur. Vegna aðstæðna er afgreiðslutími pantana lengri en venjulega. Birtist með fyrirvara um að ákveðnar vörur geta selst upp.

66north.is



Sottvarnalæknir segir sigur á veirunni hvergi nærri í höfn.

## Tveir sjúklingar í öndunarvél

**COVID-19** Af þremur sjúklingum sem liggja á gjörgæslu vegna COVID-19 eru tveir í öndunarvél. Þetta kom fram á upplýsingafundi almannavarna í gær.

Alls eru nú 1.159 einstaklingar í einangrun með virkt smit á landinu og sæta 2.542 sóttkví. 21 liggur á sjúkrahúsi.

Í gær greindust alls 33 með innanlandssmit hér á landi sem er fækkun frá fyrri dögum. Ísland er eitt fjögurra landa í Evrópu þar sem tíðni daglegs smits og meðaltal síðustu viku fer minnkandi.

Þrátt fyrir að faraldurinn sé í niðursveiflu varar Þórólfur Guðnason sötvarnalæknir við að sigurinn sé hvergi nærri í höfn.

„Þetta er langhlaup eins og við höfum sagt margoft áður og það er ljóst að það þarf lítið út af að bregða til að við fáum bakslag í faraldurinn hér innanlands,“ sagði Þórólfur á fundinum.

Þá greindust 17 smitaðir á landamærunum sem er óvenjuhá tala.

– atv

## Góð afkoma hjá Hofgördum

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Hofgarða ehf. nam 947 milljónum króna árið 2019. Félagið fjárfestir í hlutabréfum og öðrum verðbréfum, bæði í skráðum og óskráðum fyrirtækjum. Árið á undan nam hagnaður félagsins 180 milljónum króna.

Helstu eignir Hofgarða eru hlutabréf í skráðum íslenskum félögum svo sem í Marel hf. en gengisþróun þess félags var mjög hagstæð á árinu 2019.

Af óskráðum íslenskum fyrirtækjum má nefna Bláa lónið en Hofgarðar eiga 6 prósent í því félagi.

Heildareignir félagsins í lok árs 2019 námu um 2,7 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi, skuldir voru 151 milljón króna og eigið fé 2,5 milljarðar króna.

Eigandi Hofgarða er Helgi Magnússon. Félag í hans eigu á 82 prósent hlutfjár í Torgi sem meðal annars gefur út Fréttablaðið. – jþ

# Snjóflóðasetur ekki í höfnina vegna snjóflóðahættu

**VESTFIRÐIR** Hafnarstjórn Ísafjarðar segir að nýju snjóflóðasetri sé ekki hægt að koma fyrir í Flateyrahöfn vegna snjóflóðahættu. Eins og Fréttablaðið greindi frá í september er hópur fólks sem vill koma setri upp á Flateyri til að fræða fólk um þessa miklu náttúruvá. Upphaflega stóð til að koma því fyrir í gömlu pakkhúsi í þorpinu en síðan hafa komið upp hugmyndir um að setja það í varðskipið Ægi.

Veðurstofa Íslands vinnur nú að nýju hættumati fyrir Flateyri og fleiri staði vegna þess að snjóflóðin í janúar fóru yfir leiðigarða. Í ljósi þess telur hafnarstjórn að ekki sé tímabært að taka ákvarðanir um framkvæmdir við höfnina.

Þá telur stjórnin einnig að plássíð í höfninni sé of takmarkað til að koma varðskipinu þar fyrir undir snjóflóðasetur og auk þess væri ekki hægt að koma því fyrir án fjár-



Reynt er að finna snjóflóðasetri stað á Flateyri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

stuðnings frá öðrum opinberum aðilum. Telur hafnarstjórn þó um áhugaverða hugmynd að ræða þó að þessi útfærsla henti ekki.

Landhelgisgæslan hafði fyrir sitt leyti tekið vel í hugmyndina um að nota Ægi undir snjóflóðasetur. Ægir hefur ekki verið í notkun um nokkurt skeið. Birgi Gunnarssyni, bæjarstjóra Ísafjarðar, hefur verið falið að vinna málið áfram með þeim sem vilja koma setrinu upp. – khg

# Hafnar að eigið fé sé ofmetið

Borgarstjóri segir álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga ekki kalla á breytingar á framsetningu samstæðureiknings borgarinnar. Hann hafnar „sérviskulegum útúrdúrum“ við framsetningu.

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segist ekki eiga von á því að breytingar verði á meðferð reikningsskila Félagsbústaða í samstæðu Reykjavíkurborgar í kjölfar álits reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga um samstæðureikning Reykjavíkurborgar. Hann segir að skýrt hafi komið fram í álitinu að borginni sé heimilt að taka uppgjör Félagsbústaða inn í samstæðureikning borgarinnar.

„Þetta eru atriði sem endurskoðendur og endurskoðunarnefnd borgarinnar hefur til skoðunar á hverjum tíma en þessu hefur verið nokkuð skýrt svarað. Í samræmi við 39. grein ársreikningalaga eru fjárfestingareignir Félagsbústaða færðar við gangvirði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar. Í álitinu kemur skýrt fram að heimilt er að beita ofangreindu ákvæði,“ segir Dagur.

Borgarstjórnin bendir einnig á álit reikningsskilaráðs, sem er önnur nefnd skipuð af iðnaðarráðherra, frá því fyrr á þessu ári. „Þar er mælt með því að færa fjárfestingareignir á gangvirði óháð því hver tilgangur með eignarhaldi eignanna er,“ segir hann. Dagur bætir við að endurskoðunarnefnd borgarráðs muni fara yfir málið á næstu dögum.

Í áðurgreindu álitinu er tekið fram að Reykjavíkurborg sé heimilt, en ekki skylt, að taka ársreikning Félagsbústaða óbreyttan inn í samstæðureikning borgarinnar. Það sé þó háð þeirri forsendu að starfsemi Félagsbústaða sé skilgreind á sviði fjárfestinga í fjárfestingafasteignum. Í lögum um ársreikninga er hugtakið fjárfestinga eign skilgreind sem „fasteign, land, bygging eða hluti byggingar, sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu eða í öðru ágóðaskyni, en ekki til



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir fjárfesta ánægða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

notkunar í rekstri eða, þjónustu“.

Dagur segir að í áðurnefndu álitinu reikningsskilaráðs komi fram að mælt sé með því að færa fjárfestingareignir á gangvirði, óháð tilgangi þeirra. „Félagsbústaðir hafa verið að fjárfesta gríðarlega á undanförunum árum í samræmi við húsnæðisáætlun borgarinnar og fjölgun félagslegra íbúða. Borgin á

því í gegnum Félagsbústaði næstum því 5 prósent alls húsnæðis í Reykjavík,“ segir hann.

Einar S. Hálfðánarson, sem átti sæti í endurskoðunarnefnd borgarráðs, sagði að allar fasteignir Félagsbústaða ætti að færa á afskrifuðu kostnaðarverði, til samræmis við fasteignir borgarinnar sem tilheyrir A-hluta borgarsjóðs.

**Það er valinn maður í hverju rúmi þegar kemur að uppgjörum og endurskoðun hjá borginni.**

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Dagur segir að borginni sé heimilt að færa eignir Félagsbústaða inn á gangvirði, að því gefnu að matsaðferð Félagsbústaða sé hin sama og samstæðureikningur gerir ráð fyrir. Hann hafnar því að blikur séu á lofti um eiginfjárfstöðu borgarinnar. „Öllum er það ljóst að gangverð gefur mun betri upplýsingar um raunverulegt verðmæti eignar heldur en afskrifað kostnaðarverð, miðað við aðstæður á Íslandi. Ef það yrði ekki gert myndi gagnsæið minnka og miklar duldar eignir vera í bókum borgarinnar. Eitt af grundvallarhugtökum reikningsskila er að þau gefi sem gleggsta mynd af öllum stærðum, þar á meðal eignum, skuldum og eigin fé.“

Dagur segir fjárfesta ánægða. „Fjárfestar sem eiga skuldabréf Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hafa verið mjög sáttir við að fylgt sé alþjóðlegum reikningsskila-reglum varðandi Félagsbústaði en ekki einhverjum sérsmíðuðum eða sérviskulegum útúrdúrum sem gera ársreikninga ólæsilega og ósambærilega við hefðbundin uppgjör. Enda hafa ekki komið óskir frá fjárfestum um að breyta uppgjörsaðferðum Félagsbústaða, þvert á móti. Fjárfestar hafa líka verið mjög ánægðir með þá faglegu styrkingu sem skipun endurskoðunarnefndar hefur haft í för með sér. Það er valinn maður í hverju rúmi þegar kemur að uppgjörum og endurskoðun hjá borginni.“

thg@frettabladid.is

# DÁSAMLEGA FYNDIN

Skemmtileg og spennandi bók skrifuð af mikilli virðingu og næmi fyrir flóknum tilfinningum sem fylgja unglingsárunum

Sigurvegari Íslensku barnabókaverðlaunanna 2020

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10-18 | Um helgar 11-16



# GRILL HAMBORGARINN

★ NÝTT ★

20%  
afsláttur

30%  
fita

## Einn sá besti

Við kynnum til leiks glænýjan hamborgara sem fer lengra en flestir hamborgarar á markaðnum. Klassískur hamborgari er venjulega 15-20% fita en við ákváðum að hækka hlutfallið upp í 30%. Útkoman er líklega einn besti hamborgari á markaðnum í dag, gerður úr 100% íslensku nautakjöti. Hann nýtur sín hvað best grillaður, þar sem fituhlutfallið er hátt. Þú hreinlega verður að smakka þennan!



ÍSLANDS  
NAUT  
Súla kjötsúpa

ÍSLENSKT  
100%  
NAUTAKJÖT

Grill hamborgarinn  
2 x 130 g

599 kr/pk  
Verð áður 749 kr/pk

★ NÝTT ★



Adirondack  
Cola og orange soda

199 kr/stk



Monkey Bread- Ekta amerísk  
kanilbrauð sem bráðnar í munni

999 kr/pk  
Verð áður 1.199 kr/pk



Funyuns snakk

599 kr/pk  
Verð áður 739 kr/pk



Herr's ostopuffs

verð frá 599 kr/pk

★ NÝTT ★



Edward's súkkulaðibaka

699 kr/pk  
Verð áður 949 kr/pk



Stonefire tilbúinn pizzabotn  
2 stykki í pakka

399 kr/pk



## Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðstorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

# HAGKAUP





Togarinn Júlíus Geirmundsson.

## Frystihúsið hafnaði öllum beiðnum

**COVID-19** Hraðfrystihúsið Gunnvör hafnaði ítrekuðum beiðnum sóttvarnayfirvalda um að frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni yrði siglt í höfn. Síðar kom í ljós að stærstur hluti áhafnarinnar hafði veikst af kórónaveirunni.

Þetta segir í yfirlýsingu frá Sjómannasambandi Íslands. Þar kemur fram að umdæmislæknir sóttvarna á Vestfjörðum hafi óskað eftir því við útgerðina í byrjun veiðiferðarinnar að skipið kæmi í land vegna veikinda skipverja. Beiðnin hafi síðan verið ítrekuð en að útgerðin hafi hafnað þessum beiðnum.

Stjórn Sjómannasambands Íslands segist líta viðbrögð útgerðarinnar alvarlegum augum og segir þau ekki í samræmi við tilmæli sem gefin hafi verið út í upphafi faraldursins. – **epá**

## Akureyringar fylgdu ekki settum reglum

**AKUREYRI** Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur undanfarna daga þurft að hafa afskipti af smituðum einstaklingum og fólki sem átti að vera í sóttkví.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að málin séu til rannsóknar en gat lítið tjáð sig um þau að öðru leyti.

Fram kemur í stöðuskýrslu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra að embættinu hafi borist tilkynningar um hugsanleg brot á sóttkví, einangrun og samkomubanni.

Páley segir að lögreglan hafi fram að þessu verið dugleg að fylgja eftir ábendingum um möguleg brot á sóttvarnalögum en að engin þeirra hafi endað með sekt eða bókuðu broti.

Samkvæmt RÚV á Norðurlandi eru nú 38 í einangrun á Norðurlandi eystra og 99 manns í sóttkví, fækkað frá deginum áður. – **epá**



Alls á að koma fyrir 71 hleðslustöð viðs vegar um borgina. Stæðin eru ætluð fólki sem á ekki sérstakt bílastæði við heimili sitt. FRÉTTABLAÐID/VALLI

# Kæra útboð á hleðslustöðvum

Ísorka hefur kært útboð Reykjavíkurborgar á uppsetningu hleðslustöðva til kærunefndar útboðsmála. Ísorka bauð 25,5 milljónir króna en Orka náttúrunnar bauðst til að greiða borginni 113 þúsund krónur.

**STJÓRNSÝSLA** Ísorka hefur kært útboð á uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíl á Reykjavík til kærunefndar útboðsmála. Farið er fram á að felld verði úr gildi ákvörðun Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um að ganga að tilboði Orku náttúrunnar, ON. Málið er nú til meðferðar en kærunefndin komst að þeirri niðurstöðu í gær að samningaviðræður yrðu ekki stöðvaðar, endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir.

Málið má rekja til samkomulags Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, sem er eigandi ON, og Veitna, systurfyrirtækis ON, sem undirritað var í fyrra um að koma upp 71 hleðslustöð viðs vegar um borgina til að þjóna rafbílaeigendum sem ekki hafa bílastæði á eigin lóð.

Tilboðin í framkvæmdina voru opnuð í ágúst, kostnaðaráætlunin

**Við erum að borga litla upphæð fyrir að fá aðgang að landinu til að setja upp stöðvar og selja rafmagn á hleðslustöðvarnar.**

Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra ON



var upp á alls 10,8 milljónir. Knýr ehf. átti hæsta tilboðið, rúmar 227 milljónir, þar á eftir koma Bíla-hleðslan ehf. með 85 milljónir og Ísorka ehf. með 25,5 milljónir. ON bauðst hins vegar til að greiða borginni 113 þúsund krónur fyrir að setja upp hleðslustöðvarnar.

Kæra Ísorku byggir á skilmálum

útboðsins um að bjóðendur uppfylli reglugerð um raforkuviðskipti á opnunardegri útboðs. Sama dag og útboðin voru opnuð, 20. ágúst, komst Orkustofnun að þeirri niðurstöðu að ON bryti í bága við þá sömu reglugerð.

Kæran byggir einnig á að Samkeppniseftirlitið hafi hafið formlega rannsókn á starfsháttum ON varðandi sölu, uppsetningu og þjónustu á hleðslustöðvum og hleðslum fyrir rafbíl. Fer Ísorka fram á að ON verði vísað frá þátttöku í útboðinu vegna þess.

Fram kemur í bréfi borgarinnar til Ísorku að ON sé að bregðast við úrskurði Orkustofnunar og hafi beðið um endurupptöku. Í kjölfar þessa bréfs var tilkynnt að borgin hygðist ganga að tilboði ON.

Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra ON, segir að ástæðan fyrir því að tilboð ON sé svo lágt sé

vegna þess að gert hafi verið ráð fyrir slíkum möguleika í útboðinu. „Við erum að borga litla upphæð fyrir að fá aðgang að landinu til að setja upp stöðvar og selja rafmagn á hleðslustöðvarnar.“ Kærunefnd útboðsmála hafi ákveðið að ekki sé ástæða til þess að stöðva samningsgerð þar sem verkefnið sé ekki útboðsskyld. Þá eigi ON eftir að kaupa inn stöðvarnar og verði það gert eftir þeim reglum sem við eiga.

Berglind tekur fram að verkefnið sé mjög mikilvægt skref í innviðauppbyggingu fyrir rafbíl. „Það er þröskuldur fyrir orkuskiptin að heimili geti skipt út bensínbíl fyrir rafbíl, það eru svo margir sem að búa þannig að þeir eru ekki með stæði,“ segir hún. „Með þessu geta svokallaðir landlausir í hverfunum hlaðið bílinn á nóttunni, þetta er mjög mikilvægt verkefni.“

**arib@frettabladid.is**

# Fækkun í mannvirkjagerð minni en í fyrri niðursveiflum

**IDNAÐUR** „Fækkunin í mannvirkjagerð er minni en í fyrri niðursveiflum en þetta er ein sveiflukenndasta grein hagkerfisins,“ segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur SI. „Mótvægisáðgerðir í hagstjórn meðal annars í formi aukinna innviðaframkvæmda hafa mildað niðursveifluna í greininni. Þess vegna sjáum við ekki jafnmikinn samdrátt nú og vanalega þegar kreppir að. Þetta jákvætt en innviðaframkvæmdir renna einnig stöðum undir og undirbyggja hagvöxt til lengri tíma.“

Samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarsins fjölgaði störfum hlutfallslega meira í iðnaði en flestum öðrum greinum atvinnulífsins í síðustu efnahagsuppsveiflu. Árið 2019 störfuðu 44 þúsund manns í iðnaði, 10 þúsund fleiri en árið 2010. Sem sagt, eitt af hverjum fjórum störfum sem urðu til á þessum tíma. Síðan faraldurinn hófst hefur verið 9 prósent fækkun í mann-

**Mótvægisáðgerðir í hagstjórn meðal annars í formi aukinna innviðaframkvæmda hafa mildað niðursveifluna í greininni.**

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur SI



virkjagerð, 7 prósent í framleiðslu og 4 prósent í hugverkaiðnaði.

Nefnir hann að aðstæður hafi verið á margan hátt góðar hér áður en faraldurinn skall á, skuldastaða hins opinbera góð, verðbólga og verðbólguvæntingar við markmið Seðlabankans. Þetta hafi gert það að verkum að hægt hefur verið að beita peningamálum og opin-



Starfsfólki í mannvirkjagerð hefur fækkað um 9 prósent á árinu. 7 prósent fækkun er í framleiðslu og um 4 prósent í hugverkaiðnaði. FRÉTTABLAÐID/ANDRI

berum fjármálum á kröftugri hátt en í fyrri niðursveiflum til að milda höggið.

„Við búum vel að því að geta nýtt ríkisfjármálin til að örva

eftirspurn og skapa þá viðspyrnu sem svo mikil þörf er fyrir,“ segir hann. „Verðbólga hefur verið við markmið og trúverðugleiki peningastefnunnar skapað svigrúm til

vaxtalækkana Seðlabankans. En í fyrri niðursveiflum hefur gengis-lækkun og verðbólga verið mikið vandamál.“

Ingólfur segist ánægður með áherslu stjórnvalda á innviðauppbyggingu, nýsköpun og menntamál og af hversu miklum þunga ríkisfjármálunum sé beitt til að takast á við vandann. „Þetta eru lykilþættir við að skaffa atvinnulífina viðspyrnu í formi sterkra samkeppnishæfni,“ segir hann.

Enn þá sé óvissan þó mikil og nefnir hann sem dæmi að hagvaxtarþá næsta árs hafi verið að lækka vegna þess að faraldurinn hefur dregist á langinn. „Þetta er erfiðara verkefni en leit út í fyrstu og í því ljósi þarf að gera meira til að tryggja viðspyrnu og fjölgun starfa á ný,“ segir hann. „Atvinnuleysi er nú sögulega hátt og til mikils að vinna að hér verði ekki langtímaatvinnuleysi en það er eyðileggjandi fyrir fólk.“ – **kng**





# HÖRKU PLANKA HARÐPARKET

Í BESTA GÆÐAFLOKKI / AC5  
10, 12 og 14 mm þykkt

LANGIR OG BREIÐIR PLANKAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

# Birgisson®



Umhverfisvottað og með 24 stunda vatnsvörn

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)



# Ágætlega búin undir stórar hamfarir

Rögnvaldur Ólafsson hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra segir íslenska almannavarnakerfið hafa marga kosti umfram kerfi annarra ríkja. Í stuttu máli eigi almannavarnir að passa allt, líf, limi, náttúru og eignir. Skrifborðsæfingar eru reglulega haldnar.

Maður er náttúrulega aldrei hundrað prósent undirbúinn fyrir hvað sem er, en við erum með býsna gott kerfi hér á höfuðborgarsvæðinu og sterka innviði og stærstu einingar viðbragðsaðila landsins á svæðinu,” segir Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, um mögulegar stærri náttúruhamfarir á eða í námunda við stærsta þéttbýlissvæði landsins.

„Þetta er náttúrulega mjög virkt svæði, Reykjanesið, og það getur í sjálfu sér hvað sem er gerst. Það er eitthvað sem við bara vitum af og erum búin undir,” segir Rögnvaldur. Hann segir almannavarnir ávallt vera á tánum og ekki sist þegar náttúran geri vart við sig eins og í vikunni. Viðbragðsáætlun hafi verið virkjuð strax þegar skjálftavirknin hófst undir Þorbirni og síðan hafi allir viðbragðsaðilar verið að vinna í sínum ferlum.

„Svo erum við búnir að halda skrifborðsæfingar, eins og við köllum það. Það eru í rauninni svona stjórnstöðvaræfingar þeirra sem geta þurft að taka ákvarðanir og fara með samhæfingarhlutverk til að æfa viðbrögð og ákvarðanir í ýmsum aðstæðum,” segir Rögnvaldur. Þær séu kallaðar skrifborðsæfingar af því fólk sitji í rauninni í sætum sínum. Um hugarleikfimi sé að ræða.

### Viðtæk rýming ólíkleg

Aðspurður um samgöngukerfið og mögulegar rýmingaráætlanir fyrir svæðið segir Rögnvaldur fátt geta valdið því að rýma þurfi allt höfuðborgarsvæðið.

„Það er svo gríðarlega ólíklegt að til þess þyrfti að koma að það er eiginlega ekkert sem kæmi til greina, nema kjarnorkuárás,” segir Rögnvaldur. Vegakerfið myndi ekki anna heildarrýmingu alls höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar sé kerfið talið geta annað því að rýma þurfi einstök hverfi eða hverfishluta en það myndi auðvitað kalla á stýringu lögreglu og björgunarsveita á helstu umferðaræðum.

Gerðar hafi verið rýmingaráætlanir fyrir höfuðborgarsvæðið sem liggi fyrir.

Rögnvaldur segir íslenska almannavarnakerfið hafa marga sérstaka kosti og byggji á allrar



Almannavarnir hafa verið á tánum vegna jarðhræringa sem hófust undir Þorbirni síðasta vetur. Jarðskjálfti af stærðinni 5.6 með upptök út af Krísuvík reið yfir á Þriðjudag og fannst víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hættu nálgun (e. all hazard approach) eins og það er stundum kallað. „Það skiptir í rauninni ekki máli hvaða veseni við lendum í, við erum alltaf með sama kerfi til að leysa það. Það er í rauninni alveg ótrúlega sterkur og góður eiginleiki,” segir Rögnvaldur. Í sumum löndum þurfi menn að byrja á að spyrja sig hver eigi fyrst að bregðast við, hvort hættan sé á sjó, landi eða lofti og þá getur jafnvel orðið einhver rekistefna um hver eigi að sjá um samhæfingu í hverju tilteknu tilviki, hver eigi að taka ákvarðanir og hver beri ábyrgðina. „Við erum alveg laus við þetta og getum gengið beint til verks,” segir Rögnvaldur. Smæðin auðveldi líka margt því boðleiðir hér séu stuttar.

### Eiga að passa allt

„Samkvæmt 1. grein almannavarnalaga eigum við að passa allt, ef undir eru líf og limir, umhverfi eða eignir. Þá skiptir engu máli hvaðan vörn kemur; hvort hún er farsótt, af mannavöldum, náttúruvá eða annað,” segir Rögnvaldur og bætir við: „Líka ef það er gat í kerfinu einhvers staðar og eitthvað sem þarf að gera en enginn er að gera, þá eigum við líka að grípa það, jafnvel bara til



Rögnvaldur er yfirlögregluþjónn hjá almannavörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að brúa bilið þar til réttur eða betri aðili grípur boltann.“

Kvöðin sé hjá almannavörnum, að passa að innviðirnir séu í lagi ef um er að ræða líf og limi, umhverfi og eignir.

Upplýsingagjöf til almennings skiptir miklu máli í hamförum. Þegar stór jarðskjálfti reið yfir fyrr í vikunni lá vefur Veðurstofunnar niðri í nokkrar mínútur vegna snögglegs álags þegar tugir þúsunda

reyndu að komast inn á vefinn á sama tíma.

### Reynum að anda rólega

Rögnvaldur fagnar því að Veðurstofan hafi það á dagskrá sinni að uppfæra og bæta vefinn hjá sér. Hins vegar reyni starfsfólk almannavarnadeildarinnar að anda rólega þegar til dæmis stórir skjálftar komi. „Því við vitum að þá fer allt á fullt uppi á Veðurstofu í að

Þetta er náttúrulega mjög virkt svæði, Reykjanesið, og það getur í sjálfu sér hvað sem er gerst.

Rögnvaldur Ólafsson

fara yfir gögn.“ Það sé handavinna að finna upptök og og stærð skjálfta því þótt vefurinn sýni niðurstöður sjálfvirkra mæla taki nokkrar mínútur að hreinsa út rétta stærð.

Hlutverk Veðurstofunnar í almannavarnakerfinu er að vakta náttúruvá á landinu.

Þótt vefurinn frjósi eða falli niður verður ekki misbrestur á vöktun.

„Veðurstofan sér um að vakta fyrir okkur og lætur okkur vita ef hún verður vör við eitthvað óeðlilegt. Við tökum þá samtalið og eftir atvikum virkjum almannavarnakerfið ef þörf er á,” segir Rögnvaldur. Þótt vefurinn þeirra fari á hliðina, verði ekki misbrestur á vöktun eða samskiptum við almannavarnir.

„Við erum með beint númer sem við getum alltaf hringt í fram hjá kerfinu. Það var lengi sérstakur vír – bara bein símalína sem lá á milli, en það var lagt niður enda svo dýrt. Þeir eru með tetra-talstöðvar samband við okkur þannig að jafnvel þótt símkerfið falli niður, þá er beint samband okkar á milli.“

Um upplýsingagjöf til almennings segir Rögnvaldur að almannavarnir setji ávallt upplýsingar um hamfarir bæði á vef- og Facebook síðu almannavarna. „Facebook er reyndar oftast fljótvirkari.“

### Jafnar sig eftir COVID

Rögnvaldur hefur staðið í ströngu undanfarna mánuði vegna heimsfaraldursins en var tekinn tíma-bundið út af þegar hann veiktist sjálfur af veirunni.

„Það er skrítn tilfinning að hafa verið með svona stórt verkefni lengi í höndunum og svo er maður allt í einu orðinn partur af tölfræðinni og kominn hinum megin við borðið,” segir Rögnvaldur. Hann er þó að verða góður aftur. „Ég er bara orðinn nokkuð góður, búinn að vera einkennalaus síðan um helgina og verð vonandi útskrifaður bara núna um þessa helgi,” segir hann. Það sama sé að segja um fjölskylduna sem lagðist öll í pestina.

adalheidur@frettabladid.is




Alhliða vítamínína  
hönnuð fyrir  
íslenskar aðstæður





# Þegar þú kaupir \*ákveðin Samsung QLED sjónvörp hjá ORMSSON

getur þú valið um að fá tölvuskjá, síma  
eða kraftmikla skaftryksugu í kaupbæti!



Galaxy Note10  
Lite Black



Jet 70 ofur kraftmikil  
skaftryksuga



27" Bogin leikja- og  
tölvuskjár Odyssey G7

\*Tilboð gildir til 1. nóvember 2020 við kaup á QLED 2020 Q80T, 65" eða stærra ásamt Q90T, Q95T, Q800T, Q900T og Q950T í öllum stærðum.



SAMSUNG Q80T - Stærðir 65" til 85"  
Glæsilegt QLED sjónvarp með Direct Full Array tækni  
sem gefur enn betri liti á skjá.



SAMSUNG Q800T - Stærðir 65" til 82"  
8K Gervigreind tækisins sér um fullkomna uppskölun á  
öllu efni.



Opnunartímar  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardagar kl. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á  
**ORMSSON.IS**



\*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI SÍMI  
461 5000

PENNINN  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFÖSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG  
BORGARNESI  
SÍMI 422 2211

OMNIS  
AKRANESI SÍMI  
433 0300



## SKOÐUN

## Ábyrgðarleysi

Hörður  
Ágísson

hordur@frettabladid.is

Krafa um aukin ríkisútgjöld er stöðug. Sveitarfélögin, með Reykjavíkurborg í broddi fylkingar, kalla meðal annars eftir hundrað milljörðum frá ríkissjóði og Seðlabankanum – í formi styrkja og lána á niðurgreiddum vöxtum – og flestar hugmyndir um hvernig megi leita leiða til hag-ræðingar í opinberum rekstri mæta mikilli mótspyrnu. Þingmaður VG afgreiddi þannig í vikunni nýútgefið rit Viðskiptaráðs, þar sem settar eru fram hófsamar til-lögur um hvernig megi forgangsraða í ríkisfjármálum til stuðnings verðmætasköpun og nýta fjármagn hins opinbera betur, sem „úrelta hugmyndafræði nýfrjáls-hyggjunnar [...] frá því fyrir hrún.“ Ekki er að sjá að margir hafi áhyggjur af því hvaða áhrif þúsund millj-arda skuldsætning ríkissjóðs á komandi árum, sem þarf að fjármagna með lántökum á markaði, kunni að hafa á hagvaxtarhorfur og vaxtabyrði skattgreiðenda.

Enginn er að tala fyrir blóðugum niðurskurði nú þegar við stöndum frammi fyrir versta efnahagsfalli í hundrað ár. Ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir, meðal annars AGS og OECD, hafa flestar dregið þann lærdóm eftir fjármála-kreppuna 2008 að rétta leiðin í viðreisn hagkerfa sé ekki að ráðast í harkalegar aðhaldsaðgerðir – hækkun skatta og minni opinber útgjöld – heldur að örva hagvöxt með því að ýta undir eftirspurn og auka opinberar fjárfesting-ar. Sömu leið á að fara hérlandis, eins og fjármálaáætlun stjórnvalda ber merki um, og útlit er fyrir að fjárlagahall-inn verði talsvert meiri en í nágrannaríkjum, enda hefur ríkissjóður orðið fyrir miklu tekjutapi samhliða gríðar-legu og varanlegu framleiðslutapi í hagkerfinu.

Ríkið mun því augljóslega – og um það deila fáir – gegna lykilhlutverki við að milda höggið fyrir fólk og fyrirtæki og um leið skapa forsendur fyrir viðspyrnunni. Það skiptir hins vegar máli í hvað fjármunirnir fara. Mik-ill og viðvarandi hallarekstur, vegna enn meiri rekstr-arútgjalda til handa opinberum stofnunum, er ósjálfbær og mun ekki skapa þann hagvöxt sem nauðsynlegur verður svo ríkissjóður geti staðið undir aukinni skuldsætningu. Annað gildir um opinberar fjárfestingar en þær þurfa engu að síður, rétt eins og kom fram í máli banka-stjóra Englandsbanka í liðinni viku, að fara í verkefni sem skila viðunandi arðsemi og búa þannig í hagin fyrir hagvöxt framtíðarinnar – að öðrum kosti munum við fá reikninginn til baka í formi hærri vaxta, niðurskurðar og skattahækkana. Ólíkt því sem margir halda er úthald ríkissjóðs nefnilega ekki takmarkalaust og skuldasöfnun hans verður að linna eins fljótt og auðið er.

Þróunin á skuldabréfamarkaði ætti að vera flestum til-efni til að staldra við. Áhyggjur af því hvernig fjármagna eigi gríðarlegan hallarekstur ríkissjóðs og sveitarfélaga, ásamt þrýstingi stjórn málafla á enn meiri útgjöld án þess að nokkur ráðdeild komi á móti, hefur valdið því að langtímavextir á markaði – grunnur fyrir vaxtakjör heimila og fyrirtækja – hafa snarhækkað á örfáum vikum og eru komnir á sama stað og í janúar. Sú þróun er grafal-varleg og skýtur skökku við, enda hafa stýrivextir Seðla-bankans á sama tíma lækkað úr 3 prósentum í 1 prósent. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins miðað við núverandi fjárlagafrumvarp stefnir af þeim sökum í að verða yfir 2 prósent af landsframleiðslu, eða um 60 milljarðar, sem er á pari við Grikkland. Það er óásættanlegt og við því þurfa stjórnvöld að breðgast.



Þróunin á skuldabréfa-markaði að undanfögnu ætti að vera flestum tilefni til að staldra við.

## Halldór



## Frá degi til dags

## Fótur og fit

Það er allt tjúllað vegna hatus- og kynþáttaeinkenna sem lögreglumaður var myndaður með. Yfirstjórn lögreglunnar er miður sín, dómsmálaráð-herra æfur, lögreglumenn skilja ekki neitt en segja að Þórhildur Sunna eigi að segja af sér. Stjórn lögreglunnar skipaði öllum að taka öll einkenni af búningunum, nema lögreglu-merkið, í framhaldinu. Sumir hafa áhyggjur af því að betra sé að hugarfarið sé einkennt á búningunum heldur en að ein-kennin séu fjarlægð.

## Inni í litlu húsi

Ellefu sóttu um starf fram-kvæmdastjóra skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands, sem er mögulega lengsta starfsheiti sem fyrir-finnst. Í hópnum kennir ýmissa grasa eins og búast má við. En það hefur líklega ekki þótt fært annað en að skrifstofu banka-stjórans stýri að minnsta kosti einn framkvæmdastjóri. Verkefnin eru örugglega fjölbreytt og krefjandi enda í mörg horn að lita. Í starfsreglum bankans kemur skrifstofa bankastjórans einu sinni fyrir. Þar er lýst að hún hafi yfirumsjón með fram-kvæmd reglna um umboð til að skuldbinda bankann. Vafalaust er miklu meira samt að gera hjá framkvæmdastjóranum. Það þarf að ljósrita og svona. Ætli bill fylgi starfinu?

## Æ fleiri þurfa sérkennslu

Kolbrún  
Baldursdóttir  
borgarfulltrúi  
Flokks fólksins

Sú staðreynd að árangur íslenskra barna í lestri hefur versnað á sér sennilega rætur í mörgum þáttum. Íslensk börn standa verr að vígi í lestri og lesskilningi samanborið við nágrannalönd. Samkvæmt PISA 2018 lesa um 34% 14-15 ára drengja sér ekki til gagns og 19% stúlkna. Samkvæmt Lesskimun 2019 les aðeins 61% barna í Reykjavík sér til gagns eftir 2. bekk.

Hlutfall barna sem er í sérkennslu hefur haldið áfram að hækka en það var 26% árið 2011 og er um 30% 2020. Hópur nemenda er að fá viðvarandi sérkennslu utan bekkjar í ákveðnum námsgreinum, stundum alla skóla-gönguna, ýmist marga tíma á viku eða fáa. Sumum nemendum nægir að vinna í litlum hópum með stuðningi þar sem þau fylgja samt bekkjarnámsefninu.

Engin heildstæð stefna er til í sérkennslumálum í Reykjavík og ekki liggja fyrir markvissar rannsóknir á skólasterfi og sérkennslu. Því er ekki vitað hvort sérkennsla eða annars konar stuðningur sé að bera tilætlaðan árangur. Skortur er á yfirsýn og skýrum mælanlegum markmiðum. Ef sérkennsla á að vera markviss verður hún að byggja á mati og greiningum. Fjöldi tilvísana á bið eftir greiningum og viðtölum til skólasálfræðinga eru nú um eitt þúsund.

Í svörum skólayfirvalda við fyrirspurnum borgar-fulltrúa Flokks fólksins um þessi mál kemur fram að í þeim skólum sem hafa menntaða sérkennara eru náms-legar greiningar á einstökum nemendum gerðar. Ekki er hins vegar vitað hvernig málum er háttað í skólum sem hafa ekki menntaða sérkennara.

Á fundi borgarstjórnar 20. október síðastliðinn lagði borgarfulltrúi Flokks fólksins fram tillögu um að borgarstjórn fari þess á leit við Innri endurskoðun að hún geri úttekt á sérkennslu leik- og grunnskóla í Reykjavík. Tillögunni var breytt í málsmæðferðartil-lögu um að vísa henni í vinnuhóp sem skoðar þessi mál. Fátt var annað að gera en að samþykkja það þótt það komi ekki í staðinn fyrir heildstæða úttekt gerða af óháðum aðila eins og innri endurskoðanda.

Innri endurskoðun hefur faglegt sjálfstæði í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar og getur því ákveðið að gera þá úttekt sem lögð var til.



Engin heildstæð stefna er til í sérkennslu-málum í Reykjavík og ekki liggja fyrir markvissar rannsóknir á skólasterfi og sér-kennslu.



## Heitustu grillin!

### Weber Pulse

#### Rafmagnsgrill

Weber salurinn  
Skútuvgi 1h  
(inng. frá Barkarvogi)  
Sími: 58 58 900

weber.is



# Og erum við þá ekki bara góð?

Í DAG

Þórlundur  
Kjartansson

Auðvitað á maður alltaf að vera tillitssamur og tala vel um og vel til fólks. Kannski á sá sem maður hittir slæman dag og má ekki við leiðindum. Maður á að hugsa sig tvisvar um áður en maður er snúðugur við einhvern af því dagurinn í dag gæti einmitt verið sérstakur fyrir þann sem maður hittir—hver veit, kannski á hann afmæli í dag. Ekki myndi maður vilja skemma það bara af því maður sjálfur er pirraður.

Og auðvitað vill maður ekki að neinum líði illa. Og sérstaklega vill maður ekki sjálfur verða þess valdandi að koma einhverjum úr jafnvægi. Samt er maður alltaf að lenda í því að segja eitthvað, skrifa eitthvað eða gera eitthvað klaufalegt sem getur valdið fólki hugangrí og það er algjörlega án þess að maður meini eitthvað ljótt með því. Og jú, þótt ég segi að auðvitað vilji maður ekki að neinum líði illa þá getur það nú samt komið fyrir mann að vilja segja eitthvað leiðinlegt—að maður brjóti viljandi af sér. En það er reyndar oftast af því að maður er sjálfur reiður eða pirraður eða finnst eins og manni sé ógnað á einhvern hátt.

## Óteljandi gryfjurnar

En í grunninn þá vill maður auðvitað helst að öllum líði bara sem best. Reyndar tel ég mig ekki þekkja neinn sem sækist beinlínis eftir því að valda öðrum vanlíðan, þótt það sé vissulega líka rétt að ég þekki heldur engan sem hefur aldrei slyst til að vera særandi og meiðandi í garð annarra. Og það þarf ekki einu sinni að vera þannig að maður freistist í eigin vanlíðan til að lemja frá sér. Meira að segja hið orðvarasta, dagfarsprúðasta og velviljaðasta fólk getur orðið þess valdandi að einhverjum öðrum líði illa. Kannski þarf bara að segja brandara sem einhverjum þykir



ósmecklegur, minnst á ósamstæða sokka, tala kannski óvarlega um einhvern sem maður „vissi ekki að væri frændi þinn“ og svo mætti lengi telja. Þær eru óteljandi gryfjurnar sem hægt er að falla í annað hvort alveg óviljandi eða af því maður sýnir ekki nægilega gætni.

Og þetta snýst ekki bara um „gerandann“. Stundum er maður sjálfur þannig stilltur að göðlælegt grín kemur manni úr jafnvægi. En aðra daga er sama hvaða svívirðingagusur ganga yfir mann. Ekkert dugir til þess að raska ró manns.

Þannig að orð eða gjörð sem gæti fengið að fljóta athugasemdalaust til sjávar einn daginn, gæti sett alla tilveru manns sjálfs eða einhvers annars úr skordum hinn daginn. Þetta er allt svo misjafnt—og á hverjum degi sannast oft vísidómsorðin úr Einræðum Starkaðar, að þel geti snúist við atorð eitt og að aðgát skuli höfð í nærveru sálar.

## Að særa og særast

Og þegar manni sárnar eitthvað sem sagt er við mann þá horfir maður oftast fyrst á það útfrá sjálfum sér. Það er mjög eðlilegt. Maður stendur auðvitað alltaf næst sjálfum sér. Ef einhver segir eitthvað ómurlegt við mig eða um mig þá finnst mér ég eiga skilið að fá samúð; en það merkilega er að

þegar ég gerist sjálfur sekur um að móðga eða særa einhvern annan þá liður mér oftast eins og það sé ég sem eigi skilið að fá samúð ekki síður en sá sem varð fyrir barðinu á mér. Ég veit það nefnilega inni í sjálfum mér að oftast meinti ég ekkert illt með því og gerði það alveg óvart—og þess vegna eigi ég skilið að vera fyrirgefið. Eða—ef ég meinti raunverulega illt með því sem ég sagði eða gerði—þá finnst mér eins og fólk mætti mjög gjarnan sýna því skilning að slíkt er alls ekki í samræmi við það sem ég gjarnan hefði viljað, og að mér líði reyndar oftast nægilega illa yfir frumhlaupi mínu að líklega sé það ég sjálfur sem standi verr eftir. Svona getur maður verið sjálfhverfur.

## Tiska tíðarandans

Kannski er það þess vegna sem ég átt erfitt með að temja mér þá tisku tíðarandans að móðgast einna helst fyrir hönd annarra. Þar með er ekki sagt að ég geti ekki reiddst yfir órétti sem aðrir eru beittir; því það get ég sannarlega og finnst mikilvægt að sem flestir geri. En að móðgast mjög heiftarlega yfir yfirsjónum, móðgunum og því sem kallast ör-áreitni (micro-aggression) á ég erfiðara með. Raunar finnst mér að það sé einmitt gagn-

legt hlutverk þeirra sem standa utan við vettvang móðgana og móðgunargirni að horfa með örilitilli fjarlægð á atburðarásina og taka ekki þátt í að espa upp einhvern óskapnað úr smámálum.

Þó er það orðið býsna algengt að fremur smávægilegur fótaskortur á tungu eða penna geti leitt til þess að jafnvel hið grandvarasta fólk fái yfir sig yfirgnæfandi hneykslunaröldu og sé jafnvel bannfært. Fjölmiðlar taka nú til dags nánast allir þátt í slíkum galdrabrennum með einum eða öðrum hætti. Viða um heim eru dæmi um að fólk missi æru sína og lífsviðurværi út af kæruleysislegu tali eða stundarbílun í dómgreindinni. Allajafna finnst mér slík málalok ekki vera sérlega sanngjörn og enn síður gagnleg.

## Merkilegt lögreglumál

Þrátt fyrir jarðskjálfta, farsóttir og veðurofsa mætti ætla að það merkilegasta sem gerst hafi á Íslandi í vikunni tengist merkjum sem lögregluþjónn hafði á búningi sínum fyrir þremur árum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að sú með merkin sé hin ágætasti vörður laganna. Hún var reyndar svo óheppin að verða fyrir linsu ljósmyndara við störf sín fyrir þremur árum og lenda í



Er ekki miklu líklegri sú skýring á öllu þessu veseni að um vangá og hugsunarleysi hafi verið að ræða heldur en nokkuð annað? Það þarf enginn að kalla neinn rasista og enginn ætti að þurfi að bera af sér sakir um að vera rasisti.

myndabanka dagblaðs. Við nánari athugun hefur komið í ljós að þessi lögregluþjónn bar merki sem mörgum þykja býsna ósmekklegr og myndu klárlega vekja óhug ef rökstuddur grunur væri um að hún væri ekki vönd að sinni virðingu í starfi.

En hjá flestum sem taka þátt snýst stormurinn ekki á nokkurn hátt um störf hennar eða störf íslensku lögreglunnar. Þar má vafa-laust mjög margt bæta—en heilt yfir þá virðist hæpið að ætla að ástæða sé til þess að skrimslavæða íslensku lögregluna, jafnvel þótt víða í Ameríku sé mikið um fauta í löggubúningum.

## Komm-on

Er ekki miklu líklegri sú skýring á öllu þessu veseni að um vangá og hugsunarleysi hafi verið að ræða heldur en nokkuð annað? Það þarf enginn að kalla neinn rasista og enginn ætti að þurfi að bera af sér sakir um að vera rasisti. Með einfaldri ábendingu um að þessi merki geti túlkast sem meiðandi þá hefði verið hægt að segja bara „sorri, takk fyrir ábendinguna, ég tek þetta niður“ og allir hefðu getað haldið áfram reynslunni ríkari. Og kommon, þingmaðurinn sem fer fremst í flokki hinna hneyksluðu á ekki að þurfa að svara áskorunum um afsögn.

Þarf virkilega að fara í þessar skotgrafir út af máli þar sem eðlilegast hefði verið að reyna tala saman í rólegheitum og segja svo: „Höfum við ekki um svo margt mikilvægara að hugsa? Og erum við þá ekki bara góð?“

# WUU... DRAUGAPIZZA!

Pssst...  
Þú finnur allt á einum stað í næstu Krónu verslun.

Allir dagar eru  
Mmm ...  
**PIZZA  
DAGAR**

## KRÓNAN

f i g Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





Ungstirnið Fati. FRÉTTABLAÐID/GETTY

## Baðst afsökunar á rasískum orðum um Fati

**FÓTBOLTI** Spænskur blaðamaður hefur beðið Ansu Fati, ungstirni spænska karlaliðs knattspyrnuliðsins Barcelona, afsökunar á ummælum sem hann lét falla um framherjann í grein sinn um 5-1 sigur Katalóníuliðsins gegn Ferencvaros í fyrstu umferð riðlakeppninnar í Meistaradeild Evrópu í vikunni.

Fati sem er einungis 17 ára gamall skoraði eitt marka Barcelona í leiknum og lagði upp annað. Blaðamaðurinn likti Fati við svartan götusala sem hlýpi eins og fætur toguðu þegar lögregluna bæri að garði í umfjöllun sinni um leikinn.

Antoine Griezmann, samherji Fati hjá Barcelona, vakti athygli á þessu á Twitter-síðu sinni þar sem hann sagði Fati eiga skilið virðingu sem manneskja og kynþáttafordómar og ókurteisi í samskiptum ættu ekki að líðast. – hó

## Fylgir liðsfélaga sínum til Ítalíu

**FÓTBOLTI** Tinna Bjarkar Jónsdóttir, fyrirliði kvennaliðs Gróttu í knattspyrnu, hefur gert lánsamning við ítalska C-deildarliðið Apulia Trani. Tinna Bjarkar er komin út til Ítalíu og gæti leikið sinn fyrsta leik með liðinu á sunnudaginn.

Áður hafði Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir, leikmaður Gróttu, gengið til liðs við Apulia Trani en báðar framlegðu samninga sína við Gróttu á dögunum. Tinna, sem er uppalin hjá Gróttu, hefur leikið 75 meistara-flokksleiki fyrir félagið og skorað í þeim leikjum 35 mörk. – hó

## HSÍ komið með undanþágu

**HANDBOLTI** Heilbrigðisráðuneytið hefur veitt handknattleikssambandi Íslands, HSÍ, undanþágu frá reglugerð um sóttvarnir vegna fyrstu leikja íslenska karlalandsliðsins í undankeppni EM 2022 sem spilaðir verða í Laugardalshöll miðvikudaginn 4. nóvember og laugardaginn 7. nóvember. Þetta staðfestir Kjartan Víðó Ólafsson, fjölmiðla-fulltrúi HSÍ, í samtali við Fréttablaðið. Í reglugerð vegna sóttvarna sem fellur úr gildi 3. nóvember nk. segir að heimilt sé að gera undanþágu vegna alþjóðlegra viðburða.

Ísland leikur við Litháen á miðvikudeginum og Ísrael á laugardegnum. Auk þessara liða er Portúgal með þeim í riðlinum í undankeppninni. Þá hefur Valur sömuleiðis fengið leyfi til þess að leika heimaleik sinn við finnska liðið HJK Helsinki í 32 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu kvenna sem leikinn verður annað hvort 3. eða 4. nóvember. – hó

# Lars lentur í hvirfilbyl í Noregi

Framtíð Lars Lagerbäck sem þjálfara norska karlalandsliðsins er í nokkurri óvissu. Noregi mistókst að tryggja sér sæti á EM á dögnum og þá hafa deilur hans við eina af stjörnum liðsins ratað í fjölmiðla.

**FÓTBOLTI** Fyrir tæpum fjórum árum tók Lars Lagerbäck við stjórnar- taumunum hjá norska karlalandsliðinu í knattspyrnu. Noregur var þá á slæmum stað með landslið sitt en ungir og spennandi leikmenn voru að koma upp í yngri landsliðum og Lars átti líkt og hann gerði á Íslandi á sínum tíma að leiða liðið inn í bjartari tíma með blóm í haga.

Norðmenn voru vongóðir um að leikmenn á borð við Erling Braut Haaland, Martin Ødegaard, Sander Berge, Birger Meling, Kristoffer Ajer og Mohamed Elyounoussi væru að taka við keflinu hjá liðinu og Lars átti að koma með framtíðarsýn sem myndi koma liðinu í fremstu röð.

Var fyrsta verk hans að freista þess að koma norska liðinu á Evrópumótið sem fram átti að fara síðasta sumar en frestað var til næsta árs. Í upphafi þessa mánaðar gerði tap Noregs gegn Serbíu í umspili um laust sæti á EM það að verkum að draumurinn um sæti þar var runninn úr greipum norska liðsins.

Norskir sparkspekingar kepptust við að gagnrýna Lars sem af sinni stóisku ró bauðst til þess að hætta störfum væri það vilji norska knattspyrnusambandsins.

Í kjölfar láku rifrildi Alexanders Sørloth við Lars og þjálfarateymi hans í fjölmiðla og voru þar misfalleg orð látin falla í miklum tilfinningahita að sögn viðstaddra. Þar efaðist Sørloth um hæfni Lars og gagnrýndi störf hans harðlega.

Lars tjáði sig um þessa uppákomu í samtali við norska knattspyrnusambandið í vikunni. Þar sagði hann að á um það bil 30 ára ferli sínum sem þjálfari í alþjóðlegri knattspyrnu í hæsta gæðaflokki hefði hann ekki lent í því að lærisveinn hans færi jafn rækilega yfir strikið í skoðanaskiptum við sig og Sørloth gerði. Ljóst er að samstarf þeirra Lars og Sørloths verður erfitt fari það svo að Sviðinn haldi áfram störfum hjá norska liðinu.

Þrír leikmenn norska liðsins, þeir Stefan Johansen, Omar Elabdellaoui og Joshua King, birtu svo yfirlýsingu á vef norska knattspyrnusambandsins þar sem dreginn var



Lars hefur ekki náð að heilla Norðmenn eins og honum tókst að fá íslensku þjóðina á sitt band. FRÉTTABLAÐID/GETTY

» Tuttugu ár eru liðin síðan karlalandslið Noregs tók þátt í lokakeppni stórmóts í knattspyrnu. Á þessum tíma hafa fimm mismunandi þjálfarar stýrt liðinu.

taumur Lars og sagt að Sørloth, samherji þeirra í landsliðinu, hefði gengið of langt í gagnrýni sinni, en um leið bent á að óþarfi hefði verið af Lars að draga inn í samtal þeirra fyrri mistök Sørloths í leik með Noregi. Sørloth hefur síðan beðist afsökunar á upphlaupi sínu og tím-inn verður að leiða það í ljós hvort hann og Lars nái að slíðra sverðin.

Lars er ekki óvanur því að standa í stappi við stjórstjörnur þeirra liða sem hann stýrir en frægt er þegar hann sendi Zlatan Ibrahimovic, Olof Mellberg og Christian Wilhelmsson, þáverandi lykilleikmenn Sviþjóðar, í agabann fyrir að hafa brotið agareglur liðsins.

Lars hefur sagt það þegar hann ræðir við fjölmiðla um starfsaðferðir sínar sem þjálfari að hann aðhyllist að hafa fá en skýr viðmið

um það hvernig leikmenn eigi að haga sér þegar þeir eru í verkefnum með liðum sem hann þjálfar. Geti þeir ekki farið að settum reglum eigi hann erfitt með að liða það.

Þá verður sömuleiðis að koma í ljós hvort norska knattspyrnusambandið mun veðja á Lars í komandi verkefnum. Síðan hann tók við stjórn liðsins hefur hann stýrt því í 34 leikjum þar sem 18 hafa unnist, átta lyktað með jafntefli og átta töp eru staðreynd.

Þessi 72 ára gamli herramaður var í raun sestur í helgan stein þegar einkar góðu dagsverki hans var lokið hjá íslenska landsliðinu árið 2016. Lars var þá fenginn til að gera hlé á garðyrkjustörfum sínum nokkrum sinnum á ári til þess að koma Noregi á beinu brautina.

[hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Katrín Tanja hefur keppni í búbbblunni í nótt

**CROSSFIT** CrossFit-konan Katrín Tanja Davíðsdóttir mun í dag vera einn fimm keppenda sem hefja keppni í Heimsleikunum sem fram fara við óvenjulegar aðstæður í Kaliforníu í Bandaríkjunum um helgina. Katrín Tanja var eini íslenski keppandinn sem komst í gegnum niðurskurð sem haldinn var fyrr á árinu en Björgvin Karl Guðmundsson og Sara Sigmundsdóttir komust ekki í lokaúrslitin.

Keppt er í eins konar búbblu í Aromas í Kaliforníuríki en engir áhorfendur verða á keppnisstað á leikunum að þessu sinni. Keppendur þurfa að gæta að sóttvörnum í hviðetna og mega ekki yfirgefa keppnissvæðið þá daga sem leikarnir fara fram.

Hin ástralska Tiu-Clair Toomey þýkir sigurstranglegust á leikunum í ár en hún hefur unnið keppnina síðustu þrjú ár. Katrín Tanja vann leikana þar á undan en hún hefur tvisvar orðið hlutskörpust í keppni



Katrín er eini fulltrúi Íslands á Heimsleikunum í ár. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

inni, árin 2015 og 2016. Á þeim leikum varð Tiu-Clair Toomey í öðru sæti eftir harða keppni við Katrínu Tönju.

Annie Sakamoto, sérfræðingur um CrossFit, segir Toomey vera

líklegasta til þess að bera sigur úr þytum á leikunum. Sakamoto segir hina keppendurna fjóra vera svipaða að styrkleika en hún telur Katrínu Tönju hins vegar líklegasta til þess að veita Ástralánunum öfluga

» Ástralinn Tia-Clair Toomey varð í fyrra fyrsta konan til að vinna heimsleikana þrjú ár í röð.

samkeppni um sigur í keppninni.

Sakamoto segir Katrínu Tönju best til þess fallna að höndla þá pressu sem verður þegar á hölminn er komið á leikunum. Katrín Tanja hafi sýnt það í undankeppninni fyrir leikana að hún sé andlega sterk. Katrín Tanja var þar í erfiðri stöðu í 22. sæti eftir tveir greinar. Hún snéri hins vegar blaðinu við og tókst að tryggja sér farseðilinn á sína áttundu Heimsleika. Auk þess að hafa tvisvar staðið uppi sem sigurvegari hefur Katrín Tanja hafnaði í þriðja sæti árið 2018 og fjórða sæti í fyrra. – hó





Íslenskt  
Láttu það ganga

Þegar þú velur íslenska þjónustu skilar það sér aftur til þín.

ÍSL=NSKT  
LÁTTU ÞAÐ GANGA

gjoridsvovel.is



Ævar segist heppinn að fá að vinna við það sem honum finnst skemmtilegt, en að hann sé alltaf í vinnunni því hann hætti ekki að fá hugmyndir þó að vinnudeginum ljúki. Hann þolir ekki að fá hugmynd sem hann getur ekki nýtt og segir þær koma á öllum tímum sólarhringsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Alltaf í vinnunni

Ævar Þór Benediktsson gefur út bókina Þín eigin undirdjúp næsta þriðjudag og var að stofna hlaðvarp. Hann segist elska að deila góðum hugmyndum og sögum og þolir ekki að fá hugmynd sem hann getur ekki nýtt. ➡️2



Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu ➔

Ævar Þór Benediktsson er að reyna að finna nýjar leiðir til að kynna nýju bókina sína, Þín eigin undirdjúp, í þessari óvenjulegu jólabókavertíð. Eitt af því sem honum datt í hug að gera var að stofna hlaðvarp um „Þín eigin“ bækurnar. Þar fyrir utan er hann að leika í sjónvarpi og sífellt að vinna í nýjum bókum og hugmyndum. Hann segir mikilvægt að vera jákvæður og horfa fram á veginn á erfiðum tímum, einblína á það sem gleður, tala um líðan sína og muna að það kemur að því að þetta verður allt afstaðið.

„Lífið fer bara vel með mig þessa dagana þrátt fyrir COVID. Ég er að gefa út nýja bók í næstu viku ásamt því náttúrulega að reyna að finna nýjan takt, eins og allir hinir höfundarnir í þessari jólabókavertíð,“ segir Ævar. „Eitt af því sem við gerum undir venjulegum kringumstæðum til að kynna bækurnar okkar er að fara í alls konar heim-sóknir, en það er náttúrulega ekki hægt, þannig að stemningin er öðruvísi. Svo átti leikritið mitt, Þitt eigið leikrit, að vera í sýningu um þessar mundir í Þjóðleikhúsinu, en það er auðvitað allt lok og læs í leikhúsum. Áhrif COVID eru alls staðar í mínu lífi, alveg eins og hjá öllum öðrum.“

Til að kynna nýju bókina sína stofnaði Ævar hlaðvarp.

„Ég er nýbyrjaður með hlaðvarp um „Þín eigin“ bækurnar. Þetta er sjöunda bókin í seríunni og þar sem þær eru svona vinsælar fannst mér sniðug hugmynd gera stutta þáttaröð um þær,“ segir Ævar. „Hver bók fær sinn eigin þátt þar sem skyggst er á bak við tjöldin við gerð bókanna, ásamt því að ég svara spurningum hlustenda og reyni að gefa verðandi rithöfundum góð ráð. Þegar ég verð búinn með stóru Þín eigin-bækurnar fá styttri bækurnar svo líka sérþátt og leikritin tvö sömuleiðis. Þá enda ég hvern þátt á því að lesa kafla úr nýju bókinni. Hlaðvarpið heitir Þitt eigið hlaðvarp og hægt er að nálgast það alls staðar þar sem maður nær í hlaðvörp.“

Forréttindi að búa til bíó


„Síðustu vikurnar hef ég líka aðeins verið að leika, en ég er með hlutverk í annarri þáttaröð af Stellu Blómkvist. Að vera á tókustað á tímum COVID er auðvitað allt öðruvísi en venjulega. Það fara allir í sýnatöku áður en þeir mæta á staðinn og fyllsta öryggis er gætt allan tímann. Allir eru með grímur nema rétt á meðan tekið er upp og allir halda sig þess á milli í þar til gerðum hölfum. Öryggið var upp á tíu,“ segir Ævar. „Við erum auðvitað í algjörrí forréttindastöðu að geta búið til bíó herna heima, á meðan margt fólk erlendis hefur verið lokað inni síðan í mars. Þannig að þrátt fyrir takmarkanir höfum við það gott miðað við marga.“

Allt í lagi að fá „nei“

Ævar er óvenjulega afkastamikill listamaður og það gætu margir velt fyrir sér hvernig hann fer að því. „Ég er mjög heppinn að fá að vinna við það sem mér finnst gaman að gera,“ segir Ævar. „Það er reyndar alltaf sagt að ef þú finnur vinnu við að gera það sem þú elskar sértu aldrei í vinnunni, en ég hef komist að því að það er í raun akkúrat öfugt. Ég er alltaf í vinnunni, því hausinn heldur áfram að malla þótt klukkan sé orðin fjögur og ég farinn út af skrifstofunni. Og til að bæta gráu ofan á svart þoli ég ekki



Ævar er nýbyrjaður með hlaðvarp um „Þín eigin“-bækurnar þar sem hann fjallar um gerð bókanna, svarar spurningum frá hlustendum og reynir að gefa verðandi rithöfundum góð ráð. Á þessum erfiðu tímum sem við erum öll að ganga í gegnum ráðleggur hann lesendum sínum að muna að þetta tekur enda, einblína á það sem gefur þeim gleði, tala um tilfinningar sínar og finna eitthvað skemmtilegt að gera með öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nýja bókin hans Ævars, Þín eigin undirdjúp, kemur út núna næsta þriðju-dag, 27. október. Kápan var teiknuð af listakonunni Evana Kisa.

að fá hugmynd sem ég get ekki nýtt, þannig að þær geta látið á sér kræla hvenær sem er sólarhrings-ins. En svo spilar heppni auðvitað líka inn í afköstin. Stundum er þetta spurning um að vera réttur maður á réttum stað og tíma.

Ég reyni líka að vera duglegur að lesa bækur og horfa á efni frá öðrum. Þannig fyllir maður á tankinn og fær sínar eigin hugmyndir,“ segir Ævar. „Eitt besta ráðið sem ég get gefið upprennandi rithöfundi er að lesa mikið. Þannig færðu hugmyndir og vald á tungumálinu.

Þá er líka mikilvægt að þora að standa með hugmyndunum sínum og bera þær undir aðra. Að ég tali nú ekki um ef þig langar í samstarf með einhverjum spennandi. Þannig byrjaði til dæmis samstarf mitt með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég bara spurði. Í versta falli færðu nei og það er allt í lagi. Það hefur svolítið verið mottó hjá

mér og gagnast mér vel,“ útskýrir Ævar.

Gaman að deila sögum

„Bókin Þín eigin undirdjúp kemur út þriðjudaginn 27. október. Hún er eins og hinar Þín eigin-bækurnar, þú ert aðalpersónan og ræður hvað gerist. Í bókinni eru meira en 50 mismunandi endar, þannig að ef þetta endar allt saman illa er það þér að kenna, en ekki mér,“ segir Ævar léttur. „Þarna koma fyrir alls konar hlutir eins og sæskrímsli, Bermúðapríhyrningurinn, faldir fjársjóðir, hungraðir hákarlar og margt fleira. Eitthvað fyrir alla.“

Ævar byrjaði að skrifa bækur því hann hefur gaman af því að deila sögum með öðrum. „Ég hef alltaf haft gaman af því að hlusta á og segja sögur. Þegar ég var yngri mátti ég ekki heyra brandara án þess að þurfa að segja hreinglega öllum hann, þannig að ég

Það er reyndar alltaf sagt að ef þú finnur vinnu við að gera það sem þú elskar sértu aldrei í vinnunni, en ég hef komist að því að það er í raun akkúrat öfugt. Ég er alltaf í vinnunni, því hausinn heldur áfram að malla þótt klukkan sé orðin fjögur og ég farinn út af skrifstofunni.

var orðinn sögumaður frekar snemma,“ segir hann. „Þannig byrjaði þetta. Auk þess hafa við-tökurnar á Þín eigin-bókunum verið framar öllum vonum, þannig að maður heldur áfram. Þetta er líka svo gaman.“

Vill ekki festast í því sama

Ævar hefur samt ekki látið bókaformið duga heldur líka nýtt önnur listform, eins og til dæmis leikhús og hlaðvörp. „Það er gott að festast ekki í því sama. Ef maður nær að finna takt í einhverju er svo auðvelt að vera bara þar en mér finnst spennandi að breyta til,“ segir hann. „Það eru til ótal leiðir til þess að segja sögur, hvort sem það eru þættir, bíó, öpp eða tölvuleikir. Ég er með ótal hugmyndir sem biða mispólinmóðar í röð í höfðinu á mér og ég hlakka til að takast á við.“

Hugsar til framtíðar

„Vegna COVID hefur maður mikið verið fastur heima á árinu. Maður fer ekkert út að óþörfu. Og þegar kemur að sóttvarnaráðstöfunum hlýði ég þríeykinu, punktur. Þau vita best og þau eru búin að standa sig vel,“ segir Ævar. „Án þeirra hefðum við þurft að vera inni í allt sumar líka.“

Ævar hefur nýtt netið mikið

síðan COVID byrjaði, meðal annars með því að halda stafræn útgáfubod. Þá tók hann sig til í mars og las á hverjum degi upp úr bókunum sínum í gegnum netið í margar vikur. „Ég vildi leggja mitt af mörkum til að gera sóttkví bæri-legri fyrir fólk. Ég vissi að margir voru fastir heima og þegar allir dagar virðast eins er gott að hafa einhvern fastan punkt í tilverunni,“ segir hann. „Þetta ástand er auðvitað stórfurðulegt, en maður reynir að vera jákvæður og minna sig á að aðrir hafa það mun verr.“

Það er líka svolítið fallett að þegar allir urðu að halda sig heima var listin það sem fólk sótti í; bækurnar, bíomyndirnar, þættirnir, tónlistin og svo framvegis. Þannig að ég vona að þeir sem hrista höfuðið yfir listamanna-launum minnki hristinginn aðeins eftir COVID,“ segir Ævar kíminn. „Því er frábært að það hafi verið aukið við listamannalaunin og það sé verið að styðja við bakið á lista-fólki. Það þarf, þetta er risa bransi sem er í rosalega vondum málum.“

Þetta tekur enda

Ævar er með einföld ráð fyrir lesendur sína til að komast í gegnum þetta erfiða tímabil. „Þetta tímabil mun taka enda og þá lítum við um öxl og tautum,“ muniði hvað þetta var fáránlegt?“ á sama tíma og við fögnum því að þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af þessu. Það kemur að því. Við þurfum bara að biða smá lengur og einblína á það sem gefur gleði þangað til,“ segir Ævar. „Við erum öll saman í þessu og það er allt í lagi að vera pirraður. Það er fullkomlega eðlilegt. En ekki byrgja það inni, talaðu um það. Og reyndu eins og þú getur að finna þér eitthvað skemmtilegt að gera. Og ef þér dettur ekkert skemmtilegt í hug að gera, talaðu þá við mömmu og pabba eða vin til að finna eitthvað. Þetta tekur enda.“

Sjálfur segist Ævar ætla að nýta tímann til að skrifa næstu bækur og vinna að öðrum verkefnum, leika við son sinn og skoða allt góðgætið sem kemur í bókaflóðinu.



# Vörubílar & vinnuvélar

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER 2020

Kynningar: Klettur, Sleggjan





# Með ástríðu fyrir bílum

Bílar leika stórt hlutverk í lífi Páls Halldórs Halldórssonar. Hann hefur verið atvinnubílstjóri, unnið hjá bílaumboði, sinnt forvörnum í umferðinni og keppt í rallyi með góðum árangri.

Sigríður Inga  
Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



**P**áll Halldór segir að vörubílar séu sitt líf og hafi verið alla tíð. „Ég man eftir mér sem ungum strák heima í Hnífsdal þar sem ég fylgdist með vörubílunum keyra með mjölpoka úr skipunum í bræðsluna. Pabbi minn, Halldór Friðbjarnarson, vann við þetta og stundum fékk ég að sitja í og vissi fátt eins skemmtilegt. Pabbi og Óskar, bróðir hans, áttu lítinn vörubíl sem þeir notuðu við að ferja efni í nýbyggingar í Hnífsdal og höfðu nokkra atvinnu af því. Svo þegar ég var orðinn sautján ára og fékk bílprófið vildi ég endilega vinna við að keyra. Ég fékk vinnu við að keyra ölbilinn á milli staða. Öluboðið var í Bolungarvík og ég keyrði þaðan í sjoppurnar á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Súðavík, Ísafirði og Hnífsdal,“ rifjar Páll Halldór upp og ekki leynir sér að hann á margar góðar minningar frá þessum tíma.

„Ég fékk svo meiraprófið um leið og ég hafði aldur til, þegar ég varð tvitugur, og fékk þá vinnu við að keyra glænýjan flutningabíl milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Á níu árum náði ég að keyra samtals milljón kílómetra. Í dag er hægt að ná þessari vegalengd á mun skemmri tíma, enda vegirnir betri og bílarnir kraftmeiri,“ segir hann.

## Er kominn hringinn

Leiðin lá síðan til Reykjavíkur þar sem Páll Halldór fór að vinna hjá Vöruflutningamiðstöðinni, sem síðar varð Flytjandi. „Ég sá um forvarnir í umferðinni og fleira. Þaðan fór ég svo yfir til Óskju og var sölustjóri Benz-vörubíla og var þar í tólf ár. Þetta var eftirminnilegur tími. Ég fékk að fara víða um heim á fundi hjá fyrirtækinu, prufukeyra nýja bíla og koma með tillögur að því hvað mætti fara betur í hönnun á vörubílum fyrirtækisins. Ég var eini sölustjórinn á alþjóðavísu sem var með meirapróf og sá því hlutina stundum í öðru ljósi en aðrir. Núna er ég kominn hringinn og er farinn að keyra vörubíla aftur, er laus við skrifborðið, tölvuna og



Páll Halldór hefur unnið við að keyra ferðamenn um landið. „Ferðabjónustan á eftir að blómstra á ný. Ég er klár með bílinn minn, sem ég fékk nýjan í maí.“ Núna keyrir hann tveggja hæða vörubíl og flytur fólksbíla út á land.

tölvupóstana,“ segir Páll Halldór og hlær en hann er í tímabundnum verkefnum hjá Óskju eftir að hafa unnið á sínum eigin bíl við ferðabjónustu síðustu árin.

„Ferðabjónustan er í dvala eins og stendur og ég ákvað því að finna mér annað að gera á meðan svo er. Ég keyri tveggja hæða vörubíl og flyt fólksbíla um allt land. Það er mikill munur á því að keyra svona stóra bíla í dag miðað við hvernig það var fyrir fjöru tíu árum. Ég keyrði til Egilsstaða í vikunni á níu tímum en áður tók það um fjórtán til sextán klukkutíma. Bílarnir eru kraftmeiri og tæknivæddari og keyra sig nánast sjálfir. Það er hægt að stilla hraðann, bílinn bremsar sjálfur, nemur línur á veginum og krafturinn er slíkur að maður þýtur upp brekkur sem maður fór áður á 30-40 kílómetra hraða,“ nefnir Páll Halldór og segir aksturinn alltaf jafnskemmtilegan.

## Öryggismálin mikilvæg

„Bílar eru mín ástríða og partur af því var minn keppnisferill í rallyi. Ég hef líka stundað ísakstur og



„Núna er ég kominn hringinn og er farinn að keyra vörubíl aftur, er laus við skrifborðið, tölvuna og tölvupóstana,“ segir Páll Halldór. MYNDIR/ADSENDAR

ökuleikni, sem er mín hliðargrein í þessu. Öryggismálin eru mér líka hugleikin en mér finnst skipta miklu máli að fólk fari sér ekki að voða í umferðinni og komi heilt heim. Því miður er mikið um að atvinnubílstjórar sýni af sér það kæruleysi að nota ekki öryggis-

belti, sérstaklega ekki innanbæjar, sem er slæmt. Rallyökumaður myndi til dæmis aldrei fara í rally nema með öryggisbeltið spennt,“ minnir Páll Halldór á, en hann er ekki alveg hættur að keppa í rally-íþróttinni.

„Ég lét gamlan draum rætast og

Á níu árum náði ég að keyra samtals milljón kílómetra. Í dag er hægt að ná þessari vegalengd á mun skemmri tíma, enda vegirnir betri og bílarnir kraftmeiri.

tók þátt í keppni í útlöndum fyrir tveimur árum. Þegar ég var 24 ára bauðst mér að keppa erlendis en það hentaði ekki á þeim tíma, við konan mín, Kristín G. Ingimundardóttir, áttum von á barni og ég vildi vera hjá henni. En þegar þetta tækifæri kom upp ákvað ég að slá til og það var hrikalega gaman. Ég komst í mark og varð mér ekki til skammar,“ segir Páll Halldór og skellir upp úr. „Keppendur voru 170 og við lentum í 50. sæti. Þessi keppni var bara upp á fjörið.“

## Fer aftur í ferðabjónustuna

Páll Halldór er ákveðinn í að snúa sér aftur að ferðabjónustu þegar bóluefni finnst gegn COVID-19 og fólk getur ferðast á ný. Hann þekkir landið út og inn og hefur einna mest verið með ferðir upp á hálendið. „Það er frábært að keyra ferðamenn og sýna þeim landið okkar, sem er svo fallegt. Margir hafa safnað sér fyrir Íslandsferð árum saman og væntingarnar eru miklar, svo maður verður að standa sig og gera gott úr öllum aðstæðum. Ég bið bara þolinmóður eftir að landið opni á ný en það má búast við skriðu ferðamanna þegar bóluefnið kemur.

Ferðabjónustan á eftir að blómstra á ný. Ég er klár með bílinn minn, sem ég fékk nýjan í maí. Um er að ræða Mercedes Benz Sprinter, sem er sérsmíðaður fyrir lúxusferðir. Ég sé samt fyrir mér að ég endi starfsævina á að keyra vörubíla. Þegar ég lit yfir feril minn sem atvinnubílstjóra er ég einna þakklátastur fyrir hvað ég hef verið farsæll í starfi,“ segir Páll Halldór að lokum.

Útgefandi: Torg ehf.

Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,

Veffang: frettabladid.is

# ÖRUGGT START

## MEÐ EXIDE RAFGEYMMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir vörubíla. Veldu vöru frá gæðaframleiðanda sem hentar íslenskum aðstæðum.



**EXIDE**  
TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is) og fáið nánari upplýsingar.

**olis**





islenska



# TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

NÝR TOYOTA PROACE CITY



Toyota Proace City er harðjagl með góða dráttargetu og mikið burðarþol. Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru aldrei vandamál. Rúmgóðu flutningsrýminu er auðvelt að breyta í farþegarými og rúmar bíllinn þá allt að 7 manns. Proace City er fáanlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum. Komdu og skoðaðu. Sjá nánar á [toyota.is](http://toyota.is)

Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



# Valinkunnir vörubílstjórar

Flestir leikarar og aðrir þekktir einstaklingar byrjuðu feril sinn annars staðar en fyrir framan myndavélina. Hérna eru nokkur vel þekkt andlit sem störfuðu við vörubílaakstur áður en frægðin skall á.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserna@frettabladid.is



Það eru ýmsir kostir sem fylgja starfi vörubílstjórans. Starfið er til að mynda tilvalið fyrir rólyndisfólk sem kærir sig ekki um mikil samskipti við annað fólk. Þá býður starfið einnig upp á möguleikann á að hlusta á tónlist eða annað afþreyingarefni að eigin vali auk þess sem það er hægt að gleyma sér í djúpum hugsunum í þögninni á vegum úti.

Það kemur því kannski ekki á óvart að ýmsir listamenn hafa reynslu sem vörubílstjórar og hafa eflaust einhverjir þeirra æft línur eða tekið lagið við stýrið.

■ Á meðan leikarinn Robert Duvall var í leiklistarnámi í New York, þar sem samnemendur hans og herbergisfélagar voru leikararnir Dustin Hoffman og Gene Hackman, vann hann meðal annars sem vörubílstjóri. Líkt og bekkjarbræður hans átti Duvall svo heldur betur eftir að slá í gegn en hann lék í ódauðlegum myndum á borð við To Kill a Mockingbird, Apocalypse Now og Guðföðursmyndunum.

■ Viggo Mortensen keyrði vörubíla og vann í slippnum í heimalandi sínu, Danmörku, áður en hann sló í gegn á hvíta tjalðinu.

■ Leikarinn, uppistandarinn og handritahöfundurinn Richard Pryor átti ekki auðveldu æsku. Hann ólst upp í vændishúsi sem amma hans rak og móðir hans vann í. Hann var misnotaður kynferðislega sjö ára gamall og móðir hans, sem var áfengis-sjúklingur, yfirgaf hann þegar hann var tíu ára. Hann ólst því upp ásamt þremur systkina-börnum í umsjá ömmu sinnar sem beitti hann miklu ofbeldi. Eftir að hann var rekinn úr skóla fjórtán ára vann hann meðal annars sem húsvörður á strippstað, skópússari, kjötvinnslumaður, trommari og auðvitað vörubílstjóri.

■ Skoski leikarinn, og sennilega þekktasti Bond-leikarinn, Sean Connery er einn þeirra sem keyrðu vörubíl á sínum yngri árum en faðir hans var einnig vörubílstjóri.

■ Leikstjórinn James Cameron keyrði vörubíl á meðan hann safnaði peningum til þess að kaupa upptökubúnað og kenndi sjálfum sér kvikmyndagerð. Þá nýtti hann tímann á meðan



Richard Pryor keyrði vörubíl.

hann keyrði til þess að brjóta heilann um hugsanleg handrit og ef hann fékk góða hugmynd þá keyrði hann út í vegakant og skrifaði hana niður. Það virðist hafa margbargað sig en Cameron á heiðurinn af mörgum farsælustu stórmyndum allra tíma.

■ Írski leikarinn Liam Neeson keyrði vörubíl fyrir Guinness (en ekki hvað?) og segir sagan að það hafi verið samstarfsmaður hans sem hvatti hann til þess að prófa sig áfram í leiklistinni.

■ Leikarinn Charles Bronson lék í myndum á borð við Once Upon a Time in the West eftir Sergio Leone og Death Wish. Eftir að faðir hans lést þegar Bronson var ekki nema tíu ára fór hann að vinna í kolanámu en sagan segir



Elvis Presley er einn af mörgum heimsþekktum einstaklingum sem keyrðu vörubíl áður en frægðin bankaði á dyrnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

að fjölskyldan hafi verið svo fátæk að hann þurfti einu sinni að klæðast kjól af systur sinni í skólanum. Í seinni heimsstyrjöldinni byrjaði Bronson að keyra vörubíla fyrir bandaríska herinn og varð fljótlega stórskotaliði og hlaut á endanum Fjöluhláa hjartað, viðurkenningu sem veitt er þeim sem sárast eða láta lífið við skyldustörf.


■ Sjálfur Elvis Presley vann einnig sem vörubílstjóri um skeið. Talið er að hárgreiðslan fræga sem

hann skartaði hafi jafnvel átt upptök sín á þeim tíma þar sem hún hafi verið í takt við vörubílstjórátísku þess tíma. Gaman er að geta þess að Presley fór á þessum tíma í áheyrnarprufu í þeirri von að verða valinn sem söngvari fyrir hljómsveit kauða að nafni Eddie Bond. Að lokinni áheyrnarprufu ráðlagði Bond honum að halda sig við vörubílaakstur vegna þess að hann „myndi aldrei meika það sem söngvari“.

## Hagstæð tækjafjármögnun

Landsbankinn býður fyrirtækjum og einstaklingum

í atvinnurekstri hagstæðar leiðir við fjármögnun á nýjum og notuðum atvinnutækjum og bifreiðum.







# Stór, stærri, stærstur!

**Nesdekk Breiðhöfða er sérhannað fyrir stóru bílana!**

Við hugsum stórt í fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins að Breiðhöfða, sem er sérhannað fyrir stærstu bílana sem geta keyrt í gegnum verkstæðið. Komdu í Nesdekk Breiðhöfða og njóttu stærðarinnar.





# Fjarstýrðir lyftarar í vöruhúsum

Heimsfaraldurinn hefur flýtt fyrir á mörgum sviðum tækninýjunga. Meðal þeirra eru fjarstýrðir bílar og lyftarar. Mörg vöruhús í Evrópu og Bandaríkjunum hafa tekið þessa tækni í notkun.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



**H**eimsendingarþjónusta hefur stórkostur á COVID-tímum. Vegna hræðslu fólks um að smit berist með vörum hafa stærstu vöruhúsin verið að breyta verkferlum sínum. Stærsta áskorunin er að mannshöndin komi ekki nálægt pökkunum. Það er tæknifyrirtækið Phantom Auto sem hefur skapað framúrsteftulega lausn. Hún er fólgin í því að fjarstýringarbúnaður sem stjórnar er inni á skrifstofu getur ekið lyftaranum um allt vöruhláðið og stýrt hreyfingum hans. Sá sem stýrir getur unnið fjarri vöruhúsinu og hægt er að fækka starfsfólki mikið sem er á staðnum. Lyftarinn ekur vörum beint inn í flutningavagn sem fer með vöruna á pósthús.

„Við höfum verið að afgreiða þessi tæki til fjölda viðskiptavina okkar í Bandaríkjunum og í Evrópu,“ segir Elliot Katz, annar stofnandi Phantom Auto, í frétt sem birtist á [bbc.com](#). „Mikil eftirspurn er eftir þessum búnaði og margir viðskiptavinir okkar hafa áhuga á þessu kerfi,“ bætir hann við.

## Ökumaður á skrifstofu

Líklega halda margir að einhver standi með fjarstýringu í hendi og stýri lyfturum. Þannig er þetta ekki. Starfsmaður situr inni á skrifstofu með sérútbúna fjarstýringu og fjölda skjáa þar sem hann getur séð allt umhverfið þar sem lyftarinn er og séð þegar hann keyrir um vöruhláðið. Sá sem stýrir fjarstýringunni heyrir sömuleiðis öll umhverfisljóð þar sem lyftarinn ekur. Í rauninni



Vörubíll sem er sjálfkeyrður og gegnir margvíslegu hlutverki.

er starfsmaðurinn eins og ökumaður með stýri og pedala í gólfi. Ökumaðurinn getur alltaf séð ef eitthvað fer úrskeiðis. Eftir hver gengur í veg fyrir lyftarann stöðvar ökumaðurinn tækið.

Mikið hefur verið rætt um sjálfkeyrandi bíla. Fjarstýrðir bílar eru á margan hátt hagkvæmari því þeir hafa í raun „ökumann“. Þannig hefur þessi tækni verið að þróast í önnur akandi tæki.

## Sjálfkeyrandi vöruflutningar

Meðal þeirra fyrirtækja sem starfa í fjarskiptabúnaði er bandaríska sprotafyrirtækið Teleo. Það hefur verið að sérhæfa sig og þróa lausnir á tækjum fyrir byggingariðnaðinn. Fyrirtækið er að byrja prófun hjá einum viðskiptavini en það er fjarstýrt tæki á hjólum sem getur flutt búnað á milli staða. Í framtíðinni munu starfsmenn sitja inni á skrifstofum og fjarstýra ýmsum farartækjum í nálægum byggingaframkvæmdum. Teleo trúir því að þetta muni auka öryggi á vinnusvæðinu. Vinay Shet, framkvæmdastjóri Teleo, segir að erfitt sé að anna eftirspurn eftir meiraprófsbilstjórum um þessar mundir. „Með því að breyta starfi þessara ökumanna í skrifstofustarf fáum við breiðari hóp fólks í vinnu.“



Hér situr starfsmaður og stýrir fjarstýrðu farartæki sem er búið nýjustu tækni frá Phantom Auto. MYNDIR/ÁSENDAR

Þessi kemur heim til þín með heitan mat beint frá því veitingahúsi sem þú velur að skipta við. Sjálfkeyrandi heimsending.



Slik tæki gætu farið yfir erfið landsvæði, jafnvel kannað byggingar og náð í gögn og upplýsingar.

## Heimsending á hjólum

Á vef timaritsins Forbes, [forbes.com](#), er fjallað um fjarstýrðan lítinn vörubíl frá Phantom Auto. Slik tæki yrðu notuð til að sækja varning á vöruhláði og flytja til dæmis í skip. Billinn er sjálfvirkur og mannshöndin kæmi hvergi nærri. Þannig verður allur akstur leystur með skynjurum og gervigreind en „ökumaðurinn“ situr á skrifstofu með fjarskiptabúnað sem hjálpar til við starfið ef á þarf að halda. Phantom Auto tæknin felur í sér að sá sem stýrir búnaðinum getur þess vegna verið í þúsunda kílómetra fjarlægð. Bílarnir eru mannláusir en Phantom Auto gerir ráð fyrir að fjarstýringarbúnaðurinn geri alla vinnu nákvæmari og hentugri. Þannig hefur fyrirtækið framleitt sjálfkeyrandi vagn sem flytur mat í heimsendingarþjónustu upp að dyrum. Vagnarnir hafa þegar verið teknir í notkun í Kaliforníu.

## Gæti gagnast hernum

Mögulega verða einnig leigubílar og fólksflutningabílar fjarstýrðir frá skrifstofum í framtíðinni. Eina raunverulega hættan, segja framleiðendur, er að hryðjuverkamenn brjótist inn í hugbúnaðinn og taki stjórnina yfir. Allt hefur því verið gert til að dulkóða fjarskiptin og loka sjálfkrafa búnaði ökutækjanna ef starfsmaður missir aðgang að þeim. „Enginn getur ábyrgst að aldrei verði brotist inn í

svona kerfi,“ segir Christian Facchi, háskólaprófessor í hagnýtum vísindum. Hann telur að opinber yfirvöld ættu að setja strangar reglur um öryggi fjarstýrðra ökutækja. Á hinn bóginn telur hann að fjarstýrðir bílar geti reynst mun gagnlegri en sjálfkeyrandi.

Bandaríkjaher hefur sýnt mikinn áhuga á þessu verkefni. Rannsóknarstofa hersins hefur verið að þróa fjarstýrð könnunarvélmenni á hjólum sem gætu nýst í hernaði.

<http://HVELLUR.com>  
„í einum grænum“

**Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum**

Viðgerðir  
Breytingar  
Þjónusta

Smíðjuvegur 30, 200 Kópavogur

## BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur út þriðjudaginn **3. nóvember** næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Njáll Gunnlaugsson.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.

### Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Atli Bergmann, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 550 5657 / [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is)



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





**www.krokur.net**  
**522 4600**

# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**  
*á þinni leið*

Vesturhraun 5 210 Garðabær



# Sleggjan nú á tveimur stöðum

Sleggjan Þjónustuverkstæði ehf. er alhliða þjónustuverkstæði fyrir atvinnubifreiðar og aftanívagna. Sleggjan byggir á 30 ára sögu og býr yfir gríðarlegri þekkingu og reynslu á sínu sviði.

Sleggjan býður meðal annars upp á smurþjónustu fyrir vöru- og hópþjónustu, stórar sem smáar, vélaviðgerðir, viðgerð á bremsu-, stýris- og hjólabúnaði, rafmagns- og ljósaþiðgerðir svo eitthvað sé nefnt. Sleggjan er vel tækjum búin og er þekkt fyrir stuttan biðtíma.

„Við bjóðum einnig upp á bilanagreiningu og tölvulestur fyrir allar helstu tegundir vörubifreiða sem og bilanagreiningu og tölvulestur fyrir ABS/EBS-bremsukerfi í aftanívögnum. Við erum með mjög gott og samkeppnishæft tölvukerfi til bilanagreininga og getum með þeim tengst öllum helstu bíltegundum,“ segir Guðmundur Björnsson framkvæmdastjóri Sleggjunnar.

Guðmundur segir markmið Sleggjunnar vera að bjóða við-

skiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu hvenær sem þörf er á.

Sleggjan er með starfsstöðvar á tveimur stöðum, í Desjamýri 10 í Mosfellsbæ og þann 1. september var ný starfsstöð opnuð í Klettagördum 4 í Reykjavík.

„Það er liður í að auka þjónustuna til viðskiptavina okkar að vera á tveimur stöðum,“ segir Guðmundur.

„Það eru allir velkomnir á báða staðina okkar. Við tökum vel á móti öllum og viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur; allt frá stórum landflutningafyrirtækjum og hópferða- og verktafyrirtækjum til einstaklinga með jafnvel bara einn bíl eða tæki sem þarf að þjónusta. Við veitum sömu þjónustu á báðum stöðum fyrir utan smurþjónustu sem eingöngu fer fram í Desjamýri 10.“

Guðmundur segir að viðtöknar við opnun verkstaðisins í Klettagördum hafi verið mjög góðar.

„Sú aðstaða er mjög góð. Hún er um 600 fermetrar og fimm innkeyrslubíl. Þar taka strákarnir okkar vel á móti viðskiptavinum okkar. Það má nefna það að við getum boðið upp á dekkjaskipti fyrir vörubíla og vagna, þó við gerum ekki beint mikið út á það. Þetta er bara einn liður í bættri þjónustu til viðskiptavina okkar. Þó við séum ekki með almenna smurþjónustu í Klettagördum getum við bætt á rúðuvökva, glussa og höfum einnig til staðar ýmsar oliur til að bæta á vélar og girkassa.“

Tímapantanir eru í síma 588 4970. Nánari upplýsingar á [sleggjan.is](http://sleggjan.is).



Sleggjan er nú á tveimur stöðum en í september var ný starfsstöð opnuð í Klettagördum 4 með góðri aðstöðu. MYND/ADSEND



Á starfsstöð Sleggjunnar í Desjamýri 10 í Mosfellsbæ er tekið vel á móti öllum. MYND/ADSEND



Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri Sleggjunnar, við mynd af stofnandanum Birni Guðmundssyni en hann lést árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Flytja stafræna farma í drullu og snjó

Tölvuleikir sem snúast um bíla hafa lengi notið mikilla vinsælda en á síðustu árum hafa leikir sem snúast um að keyra trukka, jeppa og vörubíla og flytja þunga farma í erfiðri færð slegið í gegn.

Bílaleikir hafa löngum verið vinsæll og stór hluti af tölvuleikjageiranum en til eru leikir sem skera sig úr í fjöldanum því þeir leggja áherslu á raunverulega eðlisfræði og virkni bíla, skynsamlega eldsneytisnotkun og vandasaman akstur í erfiðri færð í staðinn fyrir hraða og gla

Þetta eru leikirnir MudRunner og SnowRunner og forveri þeirra, Spintires. Leikirnir snúast um að keyra vörubíla, trukka og jeppa á erfiðum vegum og í erfiðri færð þar sem drulla og snjó getur farið illa með leikmenn sem eru ekki á réttu bílunum eða dekkjunum. Leikirnir hafa notið mikilla vinsælda þrátt fyrir einfalda hugmynd og höfða ekki bara til þeirra sem hafa brennandi áhuga á vélum, vörubílum og vöruflutningum.

### Drullugóðir leikir

Sá fyrsti hét Spintires og hann kom út á Windows árið 2014. Hann snýst um að líkja eftir því hvernig það er í raun og veru að keyra á erfiðum vegum og leikmenn þurfa að drösla alls kyns þungum förmum í gegnum drulluna í Rússlandi á gömlum sovéskum truckum, með ekkert nema kort og áttavita sér til aðstoðar. Þar sem leikurinn leggur áherslu á að líkja eftir raunverulegum torfæruakstri þurfa

leikmenn að taka tillit til allra aðstæðna og ástands vegarins í akstri. Það er ekki einfaldlega hægt að yta á bensínjófina og vona það besta. Spintires naut mikilla vinsælda strax eftir útgáfuna og hefur fengið alls kyns uppfærslur frá því hann kom út.

Önnur útgáfa af Spintires kom út árið 2017, sem ber nafnið MudRunner. Hann var gefinn út fyrir Windows, Xbox One og PlayStation 4. Hann gengur út á það sama og Spintires en bætir við nýjum svæðum til að kanna og ýmsum nýjum áskorunum. Margir hafa hrósað leiknum mikið fyrir fallett útlit og raunverulega teiknaða drullu, sem hagar sér og virkar eins og í alvörinni.

### Fór norður í vor

Framhaldið af MudRunner kom svo út núna í vor og ber heitið SnowRunner. Eins og nafnið gefur til kynna er áherslan öðruvísi og í honum eru ný svæði sem eru heldur kaldari svo þar reynir líka á akstur í snjó og hálku, en ekki bara drullu. Svæðin eru líka mun stærri og fleiri bílar eru í boði. Að þessu sinni fer leikmaðurinn líka út fyrir Rússland og heimsækir Bandaríkin. Að sjálfsögðu býður leikurinn líka upp á alls kyns ný verkefni og nýjar áskoranir, sem sumar hverjar eru



töluvert flóknari en í fyrri leikjum.

Með því að klára verkefni afla leikmenn sér tekna sem þeir geta svo notað til að kaupa ný farartæki eða uppfæra þau gömlu, en alls er boðið upp á 40 farartæki.

Þetta hljómar einfalt og eins og þetta gæti fljótt orðið leiðinlegt, en margir segjast verða algjörlega háðir því að leysa áskoranirnar sem leikirnir bjóða upp á og að koma sér upp öflugum bílaflota til að geta flutt hvað sem er, hvert sem er.



Margir hrósa leikjunum fyrir fallett útlit og raunverulega teiknaða drullu og það er hægt að kanna óbyggðirnar á tugum ólíkra farartækja.

MudRunner og SnowRunner leikirnir snúast um að líkja eftir því hvernig það er að keyra stóra trukka með þunga farma á erfiðum vegum í slæmri færð. Leikmenn þurfa að taka tillit til allra aðstæðna og ástands vegarins og fara sparlega með eldsneyti. MYNDIR/FOCUS HOME INTERACTIVE



# Mössun og keramíkhúðun

**Motormax** býður  
**SONAX**® keramíkhúðun  
á frábæru **kynningarverði**

Litlir fólksbílar

Verð frá 79.900 kr.

Stórir fólksbílar & jepplingar

Verð frá 99.900 kr.

Jeppar

Verð frá 109.900 kr.

Breyttir bílar & sendibílar

Verðtilboð



## Starfsmenn Motormax dekra við bílinn með **SONAX** vörum

Profiline CC36 (ceramic coating 36) frá Sonax veitir lakki bílsins langtímavörn gegn UV geislum, eiturefnum og öðrum umhverfisáhrifum, svo sem salti, tjöru og vegryki. Umbreyttar nanóagnir tengjast saman og mynda þannig sérlega sterkan varnarhjúp svo að yfirborðið verður einstaklega vatnsfráhrindandi, hrindir frá sér ryki og verður sérlega auðvelt í þrifum. Varnarhjúpinn eykur styrk og mótstöðu lakksins, gefur hámarksgljáa, frískar upp á liti og veitir þeim um leið einstaka dýpt.

**Vörnin endist í allt að 36 mánuði sé billinn þjónustaður árlega.**



**Bókaðu tíma í keramíkhúðun hjá Motormax  
í síma 545 4040 eða á [motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)**

**MotorMax**  
**Bónstöð**

Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)





Með sjálfskiptingu er eyðslan kringum 10 lítrar á hundraðið.

## Ford frumsýndur

Ford hefur frumsýnt nýja útgáfu af Transit-sendibílnum sem kallast einfaldlega 5.0 tonne. Að sögn Ford er hér um að ræða sendibíl með mestu flutningsgetu Ford-sendibíla og er honum ætlað að keppa við MAN TGE og Mercedes Sprinter. Hann mun fara í sölu í næsta mánuði og verða fyrstu bílarnir afhentir í byrjun næsta árs.

Eins og nafnið gefur til kynna er heildarþyngd sendibílsins fimm tonn og getur hann flutt allt að 2.383 kíló af varningi. Það er 300 kílóum meira en venjulegur Ford Transit. Að sögn Ford er auðvelt að breyta bílnum í sjúkrabíl eða smárútu með allt að 19 sætum. Til

að ráða við aukna flutningsgetu er bíllinn með sterkari bremsum og hjólabúnaði. Auk þess hefur yfirbygging hans verið styrkt. Drifið og afturöxullinn kemur úr Transit fyrir Norður-Amerikumarkað en sá bíll getur flutt allt að 3.500 kíló. Aðeins ein vél verður í boði sem er tveggja lítra dísilvél með forþjöppu og skilar hún 168 hestöflum, og 390 newtonmetra togi. Hægt verður að velja um sex gíra beinskíptingu eða tíu þrepa sjálfskíptingu. Fyrir handhafa ökuskrteinis sem gefið er út fyrir 11. ágúst 1997 þarf ekki meirapróf á þennan bíl en svokallað C1-próf fyrir þá sem tekið hafa próf eftir það.

# Amazon og Rivian í samstarfi um sendibíl

Amazon hefur frumsýnt nýjan rafdrifinn sendibíl sem hannaður var í samstarfi við Rivian-rafbílaframleiðandann.

Rivian mun framleiða nýja bílinn fyrir Amazon í 10.000 eintökum til að byrja með. Verða bílarnir tilbúnir fyrir 2022 en áætlað er að byggja alls 90.000 slíka fyrir árið 2030. Er verðmæti þessa samnings áætlað í kringum 5 milljarða dollara. Ekki hefur verið tilkynnt um tæknileg atriði nýja bílsins en sagt hefur verið frá nokkrum fidusum hans eins og 360 gráðu myndavélabúnaði sem er tengdur við upplýsingakerfi bílsins.

Einnig verður fullkomin umferðaraðstoð í bílnum. Að sjálfsgöðu verður bíllinn með Amazon Alexa raddstýribúnaði og verður hægt að nota hann til að stýra leiðsögukerfi og fá upplýsingar um veður fram undan. Á ameríska vísu verður afturhurðin svokölluð rúlluhurð og flutningsrýmið með sérstöku hillukerfi. Hjól bílsins eru eins



Framendinn minnir nokkuð á andlit nýja Honda e rafbílsins.

nálægt hornum hans og hægt er til að auka rými innandyrna en það hjálpar líka bílnum við akstur í þrengri aðstæðum. Amazon keypti í febrúar síðastliðnum

hlutabréf í Rivina fyrir 700 milljónir dollara en Ford hefur einnig fjárfest í Rivina með það fyrir augum að eiga samstarf um fleiri rafdrifin farartæki.



## FLUTNINGALAU SNIR

KAPP er leiðandi í sölu og þjónustu á flutningstækjum og búnaði

### KÆLIKERFI



- Carrier fyrir bifreiðar og vagna.
- Allar gerir af bílum
- Allar gerðir af vögnum.
- Orkusparandi.
- Umhverfisvænt.



### VÖRULYFTUR



- Allar gerðir frá DHollandia.
- Litlir sendibílar.
- Stórir flutningabílar.
- Langferðabílar.
- Hjólástólalyftur o.fl.



### TRAILERVAGNAR



- Schmitz Cargobull trailervagnar.
- Innflutningur og sala.
- Nýjir og notaðir vagnar.
- Kassaviðgerðir.



### VÉLAVERKSTÆÐI



- Hedd plönuð og þrýstiprófuð.
- Ventlar og ventslætta slípuð og skorin.
- Sveifarásar mældir og renndir
- og svo margt fleira.

### RENNIVERKSTÆÐI



- Rennismiði og fræsivinna á öllum tegundum plasts og málma.
- Upptekning á hvers kyns vélum og heddum.
- Verðtilboð í stærri viðgerðir.

### GÁMAGRINDUR



- Allar stærðir og gerðir.
- Lengjanlegar.
- Hefðbundnar.
- Nýjar eða notaðar.
- Viðgerðarþjónusta.

# KAPP

VÉLA-KÆLI- & RENNIVERKSTÆÐI

## Trukkar á stærð við hnúfubak

Stærstu bifreiðar veraldar eru það gríðarstórar að maðurinn verður bókstaflega eins og mús í samanburði. Víða eru gifurlegir risatrúkkar notaðir í námugreftri. Risa-sturtubílar, sem notaðir eru til að ferja þung hlöss af málmgryti úr námum vega þá hátt í 453.592 kíló og er burðar-getan yfir 300 tonn. Trukkar af þessari stærðargráðu eru knúnir áfram með um 3.000 hestöflum en til samanburðar er Honda Fit með um 117 hestöfl og Jagúar XF 300 hestöfl. Hæð námutrukks af þessari stærðargráðu er yfir sex metrar, sem þýðir að bílstjórinn gæti klöngrast úr bílstjórasætinu inn um opinn glugga á annarri hæð á venjulegu húsi.

Trukkarnir eru þá rúmlega fimmtán metrar að lengd sem er svipuð lengdinni á fullorðnum hnúfubak.

Slík ferliki nota gríðarlegt magn af jarðeldsneyti sem stuðlar að töluverðri mengun. Framleiðendur eru því farnir að skoða umhverfisvænni orkugjafa. Anglo American, ENGIE og Williams Advanced Engineering hafa unnið saman að framleiðslu heimsins

» Vetnisbúnaðurinn mun gera námutrukkan hljóðlátari og ódýrari í viðhaldi en dísiltrukka.

stærsta vetnisknúna námutrukksins.

Markmiðið er að hann sé jafnvígur ef ekki kraftmeiri en sambærilegir dísiltrukkar. Þessi námutrukki er um 290 tonna sturtubíll og telst nú stærsta rafmagnsbifreið í heimi.

Vetnisbúnaðurinn mun gera námutrukkan hljóðlátari og ódýrari í viðhaldi en dísiltrukka. Í stað dísilvélar er lithium-rafhlaða og er trukkurinn því bæði vetnis- og rafmagnsknúinn. Þá hefur hann orkuhleðslu upp á 1.000 kílóvattstundir sem gerir honum kleift að vinna í sömu erfiðu aðstæðunum og dísiltrukkar. Fyrstu trukkarnir fóru í framleiðslu á þessu ári og fara prófanir fram í platinunámum í Mogalakwena í Suður-Afríku.





# Nýr Actros. Vörubifreið ársins 2020.

Nýr Actros uppfyllir auknar kröfur í lang- og þungaflutningum á skilvirkari hátt en áður.  
Þú getur treyst á hagkvæmni, fullkomin öryggiskerfi, einstök þægindi og áreiðanleika.  
Actros er framúrskarandi í sínu fagi – og til þjónustu reiðubúinn.

Hlökkum til að sjá þig.

**Mercedes-Benz**  
Trucks you can trust





# Ný og spennandi jarðýta frá CAT

Nýja CAT D6 XE rafdrifna jarðýtan er nú fáanleg hjá Kletti. Fulltrúar Kletts fengu tækifæri til að prófa vélina í Danmörku fyrr á árinu og var það niðurstaða þeirra að hún stæðist allar væntingar og gott betur. Í kjölfarið festi Suðurverk kaup á slíkri vél sem var afhent nú á dögnum.

**K**ostir CAT D6 XE eru fjöldamargir. Til að mynda stórbætt eldsneytisnýting og lægri viðhaldskostnaður en á eldri gerðum. Um er að ræða fyrstu rafdrifnu jarðýtu í heimi með drifhjólunni uppi. Hefðbundin dísilvél, CAT C9.3B, knýr rafalinn sem framleiðir raforku fyrir rafmótorinn sem knýr drifhjólunni. Búnaðurinn í CAT D6 XE er með allt að 90% færri hreyfanlega hluti en í hefðbundinni skiptingu og eru hraðabreytingarnar stiglausar.

## Snjöll, sparneytin og umhverfisvæn hönnun

Snorri Árnason hjá Kletti er að vonum ánægður með þessa nýjung á markaðnum. „D6 XE jarðýtan er frábær viðbót við þá breiðu línu vinnuvéla sem við bjóðum upp á enda umhverfisvænni, sem gerir hana að jákvæðu skrefi í átt að umhverfisvænni framkvæmdum. Hún er sparneytin og öflug á sama tíma og ekki spillir fyrir að viðhaldskostnaðurinn er miklu minni, eða allt að 12% lægri sem er vissulega eitthvað sem menn eru að horfa í þegar fjárfest er í stærri vélum.“

## Rýmra og þægilegra starfs-umhverfi fyrir tækjastjóra

Með tilkomu CAT D6 XE jarð-

